



24. - 27. APRÍL Á DJÚPAVOGI

24.

**NANNA
RAKEL
SALÓME KATRÍN
RÍKEY**

Hótel
Framtíð

25.

**SÚELLEN
FM BELFAST**

Hótel
Framtíð

26.

**JÓNAS SIG
OG RITVÉLAR FRAMTÍÐARINNAR**

Hótel
Framtíð

27.

**PÁLL ÓSKAR
ÁSAMT TÓMASI JÓNS OG ÓMARI GUÐJÓNS**

Djúpavogskirkja



SAMSTEYPUFÉLAGIÐ EHF. - EYFREYJUNES - FRÚ STEFANÍA



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar

Mig langar að byrja á því að þakka fyrir góðar móttökur í starfi mínu sem sveitastjóri Múlapings og vonast til þess að eiga farsælt samstarf við jafnt íbúa, starfsmenn og kjörna fulltrúa í sveitarfélaginu okkar.

Á þessum fyrstu vikum mínum í nýju starfi hef ég fljótt lært að stilla í hóf væntingum mínum um það hvað ég kemst yfir að gera! Ég ætlaði til dæmis að heimsækja alla byggðakjarnana strax í fyrsta mánuði mínum í starfi auk þess að fara í allar stofnanir Múlapings. Það er skemmst frá því að segja að þetta voru of metnaðarfullar áætlanir þar sem ég á enn eftir að heimsækja nokkrar af stofnunum sem við reukum víðsvegar um sveitarfélagið og ég komst ekki í alla byggðakjarna fyrr en í mars. Dagskrá sveitastjóra er með öðrum orðum ansi þétt og margir fundir sem þarf að sitja en á móti kemur er starfið afskaplega fjölbreytt og áhugavert. Mér líður hálfpartinn eins og ég sé sest aftur á skólabekk miðað við það mikla magn af nýjum upplýsingum sem ég hef verið að meðtaka síðustu vikur.

Fyrsti kjarninn sem ég heimsótti eftir að ég tók við starfinu var Djúpivogur og ég fékk kynningu á hugmyndafræðinni um Cittaslow sem lengi hefur fylgt Djúpavogi og ég tel að væri áhugavert að breiða út þann boðskap víðar í sveitarfélaginu okkar. Þá

dáist ég af eljunni hjá þeim hópi sem hefur verið að gera upp gömlu kirkjuna í bænum og gleðst yfir því að enn sé hægt að finna sannan ungmennafélagsanda þar sem samfélagið tekur sig saman um að byggja upp og bæta, í þessu tilfelli kirkju, svo aðrir megi njóta til framtíðar. Þá er skemmtilegt að sjá alla uppbygginguna sem hefur orðið á Djúpavogi í tengslum við atvinnulífið í bænum en það hefur sannarlega tekið stakkaskiptum og ánægjulegt að sjá ólíkar greinar eins og fiskeldi og ferðapjónustu blómstra á staðnum.

Nú er framundan hin stórkostlega Hammondhátíð og ég stefni á að mæta á einhverja af þeim tónleikum sem í boði verða. Þarna kemur aftur fram þessi mikilvægi þáttur þegar fólk er tilbúið að leggja á sig vinnu til að auðga samfélagið sitt. Skipulagning þessarar hátíðar hefur verið unnin í sjálfbærastarfi um árabíl og mikilvægt að samfélagið sýni þakklæti sitt í verki með því að mæta og njóta og muna að hrósa þeim sem eru að leggja á sig alla þessa vinnu.

Að lokum óska ég ykkur gleðilegra páska kæru íbúar og sjáumst svo á Hammondhátíð!

Kveðja,
Dagmar Ýr Stefánsdóttir
sveitastjóri Múlapings



KÓSY Á TEIGARHORNI

SUMARDAGINN FYRSTA

24. APRÍL 2025

Við á Teigarhorni fögnum sumrinu með kósýstund í Gamlabæjarfjöru sumardaginn fyrsta kl. 13:00. Yljum okkur við varðeld, grillum brauð og buslum í sjónum. Við hlökkum til að sjá ykkur.

UPPSKRIFTIN

Í síðustu Bóndavörðu skoraði Eiður Gísli á Baldur að deila uppskriftinni af víðfrægri rjúpnasúpu sinni. Baldur lætur að sjálfsögðu engan bilbug á sér finna og stenst þessa áskorun með sóma. Hér má nú líta uppskrift hans:

Rjúpnasúpa Baldurs

Hráefni

8 rjúpur
2 laukar
1 skarlottlaukur
3 selleristíkar
10 piparkorn
5 lárviðarlauf
10 einiber
1 ts. timían
100 ml. rauðvínssedik
2 grænmetisteningar
6 msk. villibráðakraftur
4 msk. rífsberjahlaup
2 lítri rjóma
200 gr. gráðastur
150 gr. smjör
150 gr. hveiti

Aðferð

Verka rjúpunar: tek bringurnar frá, nota bein, hjarta, lifur og fóarn í soðið. Steikið allt frá rjúpum nema bringurnar við háan hita í smjöri og smá olíu. Færið yfir í stóran pott. Léttsteikið næst lauk, gulrætur, sellerí og setjið ofan í sama stóra pottinn. Bætið vatni við þannig að það fljóti yfir allt og náði upp suðu. Bætið einiberjum, lárviðarlaufum, timían, rauðvínssediki, grænmetisteningum, 4 msk. villibráðakrafti og rífsberjahlaupi í pottinn. Sjóðið niður um rúmlega helming. Í nýjum potti Smjörbolla: bræðið smjörið og bætið við hveiti. Notið 1 og ½ lítra af soðinu úr stóra pottinum, bætið við smjörbolluna rólega. Bætið við rjóma, gráðast. Smakka til með rífsberjahlaupi, meiri villibráðakrafti og púrtvíni. Salt og pipar eftir smekk. Snögg steikið síðast bringurnar á pönnu með salti og pipar og berið fram með súpunni. Tilvalið er að bera súpuna fram með nýbökðu brauði.

Baldur skorar á Gigie Rizon að deila með okkur uppskriftinni af ljúffenga og feikivinsæla réttinum Humba.

VILJANDI VILLT ÞORRABLÓT 2025

Þorrablot Djúpavogs fór fram 1.febrúar s.l. á Hótel Framtíð og óhætt að segja að það hafi lukkast mjög vel. Allir miðar seldust, dansgólfið þétt fram eftir nóttu og ekki annað vitað en að þorramaturinn hafi farið vel í mannskapinn. Þemað í ár var viljandi villt, skemmtilegt þema sem hver og einn gat túlkað út frá sínu nefi. Eins og alltaf þá er kosin þorrablotsnefnd sem sér um herlegheitin og eins og alltaf þá hentar fólki mis vel að taka þátt. Það voru því nokkrir, sem ekki hlutu formlega kosningu, beðnir um að koma inn í nefndina þar sem hún var frekar fámenn til að byrja með. Á endanum varð þetta þéttur og góður hópur, á öllum aldri, og einstaklega góður andi og stemning í hópnum.

Formannskærustuparið Þórir og Guðrún Anna stýrðu hópnum með mikilli mildi en festu og um miðjan janúar var búið að raða niður í nefndir og útdeila verkefnum. Eftir það voru nánast daglegir sprellfundir hjá nefndinni. Þeir vita það sem tekið hafa þátt í að undirbúa þorrablot að sá undibúningur getur verið eitt allsherjar hláturskast og svo kærkomið í svartasta skammdeginu. Það var strax sett mjög skýr lína með að áherslan yrði á mikið stuð, dans og stemningu og að því fylgir mikil ábyrgð að standa á sviði og gera grín af öðrum. Við slíkar aðstæður þarf að vanda sig sérstaklega vel og passa að allir geti farið sáttir heim. Við þökkum öllum þeim sem sáu sér fært um að mæta og sprella með okkur, við erum ótrúlega sátt og þakklát fyrir hvað við skemmtum okkur öll fallega saman. Við óskum nýrri nefnd til hamingju með það hlutverk að fá að skemmta okkur að ári, þetta er svo gaman.

Bestu kveðjur til ykkar,
f.h.Þorrablotsnefndar 2025,
Obba



Þorrablotsnefndin 2025



HAFIÐ

BISTRO



VIÐ FÁUM ÍS
FYRIR PÁSKA
OG VERÐUM
MEÐ TIL
SÖLU KÚLUÍS
HJÁ OKKUR

OPNUNARTÍMI
YFIR HAMMOND
10:00-21:00

HAPPY HAMMOND
FRÁ 16:00-20:00


HAMMOND PIZZASEÐILL
MÆTIR Á SVÆÐIÐ ÞAR SEM HÆGT VERÐUR
AÐ SMAKKA UPPÁHALDS PIZZUR
HAMMONDFÓLKSINS OKKAR

HVAÐ ELSKAR HERRA HAMMOND?
HVER ER HERRA HAMMOND?
EN UNGFRÚ RÍKEY,
HVAÐ MEÐ PÁLL ÓSKAR, SÚELLEN BANDIÐ
EÐA JÓNAS SIG ???



OPNUNARTÍMI FRÁ 1. MAÍ 09:00 - 21:00
ELDHÚSIÐ OPIÐ 11:00 - 20:00

FRÁ MENNTASKÓLANEMA



Hæ öllsömul!

Ég heiti Marjón Neils og er núna nemandi í Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME). Ég byrjaði mitt fyrsta ár haustið 2024. Í byrjun var ég frekar feiminn og stressaður því allt var svo nýtt og ókunnugt. Sem betur fer átti ég nokkra vini úr grunnskóla sem ég gat treyst á, sem gerði aðlögunina að framhaldsskólanum miklu auðveldari. Eftir nokkrar vikur fór ég að ná tökum á hlutunum og leið fljótlega mun betur í þessu nýja umhverfi. Nú myndi ég segja að lífið í ME sé ekki bara spennandi heldur líka mjög skemmtilegt og gefandi. Ég hef notið þess að kynnst fullt af nýju fólki, mörg þeirra koma frá mismunandi bæjum og með ólíkan bakgrunn víðs vegar að af landinu. ME hefur mikið upp á að bjóða fyrir nemendur eins og mig og hefur hjálpað mér að þróa skapandi hlið mína. Ef ég ætti að mæla með einhverjum framhaldsskóla fyrir einhvern, myndi ég klárlega segja að ME sé staðurinn. Það er hægt að læra fjölbreytt fög hér – eins og forritun, listir, myndvinnslu í Photoshop, spænsku og margt fleira. Það er eitthvað fyrir alla. Eitt af því sem gerir ME sérstakan er námskerfið sem kallast spanakerfið.

Venjulega, í flestum íslenskum skólum, fylgir maður annakerfinu, þar sem maður lærir um það bil sex fög yfir heilt misseri. En með spanakerfinu einbeitir maður sér að þremur eða fleiri fögum í átta vikur í senn. Þetta gerir manni kleift að fara dýpra í viðfangsefnið og stýra tímanum sínum betur. Svo eru líka sérstakir tímar sem kallast verkefnatímar, þar sem hægt er að vinna í verkefnum, oft sjálfstætt, og fá aðstoð frá kennara – oft kennaranum sem kennir fagið sem þú ert að einblína á þá þegar. Ef þú vilt, geturðu líka skipt um verkefnatíma og farið til annars kennara. Tíminn minn í ME hingað til hefur verið fullur af dýrmætum reynslum og góðum minningum. Þetta er skóli þar sem nemendur geta vaxið bæði í námi og persónulega, og ég er virkilega þakklátur fyrir þann tíma sem ég hef átt hér.

Marjón

FRÁ DJÚPAVOGSDEILD RAUÐA KROSS ÍSLANDS

Fréttir frá Djúpavogsdeild Rauða Kross Íslands

Undanfarin ár hefur Rauði Kross Íslands séð um að safna, flokka og selja notaðan fatnað í verslunum sínum. Hér á Djúpavogi var tekin ákvörðun á sínum tíma um að vera aðeins með fatasöfnun (en ekki flokkun) og hefur það gengið virkilega vel að safna og senda frá okkur notaðan textíl til endursölu annars staðar. Á móti höfum við fengið sendingar af fatnaði í búðina okkar ýmist frá Akureyri eða Egilsstöðum. Nú um áramót tóku gildi ný lög um söfnun á textíl og er slíkt komið í hendurnar á sveitarfélögum sem er ætlað að finna farveg fyrir bæði nothæfan og ónothæfan textíl. Við í deildinni hérna höfum því hætt söfnun á textíl og nú hefur söfnunargámurinn góði verið færður frá húsnaði okkar að grenndarstöðinni þar sem starfsmenn sveitarfélagsins sjá um að tæma gáminn. Lýkur þar með farsælu samstarfi við Eimskip sem hefur undanfarin ár flutt allan textíl frítt með sínum bílum þegar pláss var til staðar og erum við þakklát því samstarfi.

Við viljum hins vegar bjóða upp á þann möguleika að koma með heilan, hreinan, nothæfan og fallegan fatnað til okkar í búðina á auglýstum opnunartíma til endursölu hjá okkur til styrktar RKÍ. Við getum alls ekki tekið á móti heilum ruslapokum af textíl en góðar flikur sem eru líklegar til endursölu eru hjartanlega velkomnar. Eins langar okkur að biðja um aðstoð við að safna heimaprjónuðum ullarflíkum (húfum, vettlingum, sokkum, peysum...) til endursölu á skipadögum í sumar og sjá hverju það skilar í kassann. Að fá það beint í búðina til okkar væri vel þegið – eins ef einhverjir prjónarar vilja styrkja gott málefni og prjóna fyrir búðina er það vel þegið.

Verkefnum okkar hefur því fækkað um eitt en ennþá standa eftir ýmis verkefni eins og sálrænn stuðningur vegna áfalla, opnun fjöldahjálparstöðvar ofl. en fatabúðin er þó okkar helsta verkefni og verður það áfram. Við höfum alltaf pláss fyrir fleiri sjálfboðaliða til aðstoðar og þá sérstaklega varðandi opnun búðarinnar í sumar á skipadögum. Að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi er mannbætandi verkefni og liður í því að halda samfélaginu okkar lifandi og skemmtilegu. Endilega hafið samband við undirritaða ef áhugi er á að taka þátt í starfi deildarinnar. Margar hendur vinna létt verk og allt það :)

Fyrir hönd Djúpavogsdeildar
Jóhanna Reykjalin
Formaður



Sjáumst á Hammond!



HÓTEL FRAMTÍÐ

Vogalandi 4 / 478 8887

HAMMOND MATSEÐILL

STEIKT NAUTAHJÓTS TACO - (BEEF FRIED TACOS) - (6) 1.850 kr.

Marineraðir nautakjötsbitar, maís tortilla, heimagerð chunky salsa, pico de gallo, fetaostur, kálsalat.
Marinated beef chunks, corn tortilla, homemade chunky salsa, pico de gallo, feta cheese, cabbage salad.

LAMBAFILLET - (LAMB FILLET) 7.680 kr.

Sellerímauk, brokkolí, madeira-sósa, bökuð kartafla.
Celery purée, broccoli, madeira gravy, baked potato.

STEINBÍTUR - (WOLF FISH) 1.800 kr.

Hvítvínsbláskeljasósa, fennel-salat, bökuð kartafla.
White wine mussel sauce, fennel salad, baked potato.

MJÚKT TACO MEÐ LAMBI - (SOFT TACO WITH LAMB) 3.180 kr.

Maístortilla, lambakjöt, laukur, steinselja, avocado og Pasilla-chilli (sósa).
Corn tortilla, lamb, white onion, parsley, avocado, and passilla chili (sauce)

LAKASALAT - (SALMON SALAD) 2.850 kr.

Reyktur lax, agúrkur, avocado, jómfrúarolía, jógúrt, graslaukur, brauðteningar, pico de gallo.
Smoked salmon, cucumber, avocado, extra virgin olive oil, yogurt, chives, breadcrumbs, pico de gallo.

HONDÚRAS-SJÁVARRÆTTASÚPA (HONDURAN SEAFOOD SOUP) 3.070 kr.

Rækjur, kræklingur, þorskur, kókosmjólk, hörpuskel, smokkfiskur, sólblómaolía, gulrætur, kartöflur, maís, timjan, kóríander, kjúklingasoð, hrisgrjón
Shrimp, mussels, cod, coconut milk, scallops, squid, sunflower oil, carrots, potatoes, corn, thyme, coriander, chicken stock, rice.

SÚRDEIGS PIZZA (SOURDOUGH PIZZA) 1.800 kr

10" pizza botn - Álegg - 180 kr. (frá upprunalega matseðlinum okkar).
10" pizza - topping - 480kr, (from our original menu).

ÍSLENSK HJÓTSÚPA (ICELANDIC MEAT SOUP) 2.890 kr.

ÆFTIRRÆTTIR - DESSERTS

HEIMAGGERÐ HONDÚRAS TRÉS LECHES HAKA 2.680 kr.

Homemade Honduran tres leches cake

VOLG SÚKKULABI HAKA MEÐ VANILLVÍSHÚLU 2.290 kr.

Warm chocolate cake with vanilla ice cream

HEIT EPLAHAKA MEÐ VANILLVÍSHÚLU 2.290 kr.

Warm apple cake with vanilla ice cream

ÍS - ICE CREAM 1.890 kr

Súkkulaði, vanillu og jarðarberjaís með heitri súkkulaðisósu.
Chocolate, vanilla and strawberry ice cream, with hot chocolate sauce.

www.hotelframtid.is



NÝ ÚTGEFIN BÓK ÍRISAR DAGGAR



Fjölskylduuppskriftir

Nýverið hristi þúsundþjalasmiðurinn Íris Dögg Scheving Hákonardóttir enn eitt meistaraverkið fram úr erminni og gaf út sína fyrstu bók. Bókin ber nafnið *Fjölskylduuppskriftir* og gefur fólki færi á að halda utan um uppskriftir sínar með skipulögðum hætti í niðurskiptum köflum. Bóndavarðan tók nýja bókaútfandann tali og spurðist fyrir um tildrög og tilgang verksins.

Dreif í þessu í miðju sorgarferlinu

Aðspurð um hve lengi bókin var í bígerð segir Íris að hugmyndin hafi blundað í henni í nokkur ár. Í hennar fjölskyldu sem öðrum tengist matur, bakstur og veislur mörgum minningum. „Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að uppskriftirnar í fjölskyldum mínum eru dýrmætar og hef reynt að skrifa þær reglulega niður. Tekið myndir úr bókunum hennar ömmu og mömmu en svo vilja þær týnast og ég sífellt að hringja og fá þær aftur“ segir Íris. En það var þó ekki fyrr en hún missti ömmu sína nýverið sem hún gerði sér fulla grein fyrir því að hún yrði að skrá fjölskylduarfinn sem spilar svo stóran þátt í minningunum. „Ég hef leitað að réttu bókinni en ekki fundið hana einu réttu svo ég dreif í þessu í miðju sorgarferlinu“.

Ég vil frekar gera og sjá eftir en að gera alls ekki neitt

Íris Dögg hefur áður hannað og gefið út spil svo hún þekkti ferlið ágætlega og hvar best væri að byrja. Hún vissi hvaða forrit og prentsmiðju hún vildi vinna með svo hún ákvað að mikla þetta ekki fyrir sér. „Vinnan að baki bókinni átti auðvitað að taka engan tíma eins og annað sem ég ætla mér að gera“ segir Íris og hlær. „Hins vegar bættust aðeins við hugmyndir á meðan ég vann að bókinni svo vinnan varð aðeins meiri“. Íris segist fá hugmyndir reglulega sem eru misgáfulegar. „Stundum finn ég fólkið mitt byrja að rúlla augunum þegar ég kem með eitthvað nýtt. Það sem kemur mér í gang að framkvæma þegar hugmyndirnar eru ásættanlegar er að ég vil frekar gera og sjá eftir en að gera alls ekki neitt. Ég vil skilja eitthvað eftir mig“.

Strax farið að ylja mér um hjartarætur hvernig fólk er að nota bókina

Bókin er til þess gerð að fólk skrifi niður uppskriftir sem það vill varðveita. Bókin er 72 blaðsíður, sem skiptast niður í 6 kafla sem fólk nefnir sjálft og pláss fyrir 60 uppskriftir. Íris nefndi kaflanna í sinni persónulegu bók eftir því fólki sem henni stendur næst og hefur gefið henni uppskriftir sem hún heldur uppá. „Kafarnir í minni bók hafa fengið nöfnin: Mamma, Amma Svava, Lauga amma, Erla tengdó, Kristján minn og einn heitir Úr ýmsum áttum“ útskýrir Íris. „Það er strax farið að ylja mér um hjartarætur hvernig fólk er að nota bókina. Skrifar uppskriftir frá fólkinu sínu og stundum smá minningu tengda þeim“.

Um leið og fólk opnar bókina þá mætir þeim blaðsíða sem er myndskreytt og les: Skilaboð til þín. Þetta er hugsað svo hægt sé að skrifa falleg og persónuleg skilaboð til fólks sem fær hana að gjöf. Ef fólk kaupir hana fyrir sjálft sig þá er ekkert því til fyrirstöðu að skrifa upphefjandi skilaboð beint til hvers og eins.

Þakklát fyrir viðtökurnar

Lítið er eftir af fyrsta upplagi bókarinnar enda viðtökurnar verið ótrúlegar að mati Írisar. En hún segist ætla að skella fljótlega í annað. Ef fólk vill nálgast eintak má endilega senda henni skilaboð á facebook eða instagram en þar má finna síðurnar undir nafninu Fjölskylduuppskriftir.

„Ég er bara ótrúlega þakklát fyrir viðtökurnar og ég hef heyrt svo oft síðan ég gaf bókina út fyrir stuttu síðan að þetta er bókin sem marga er búið að vanta. Ég vona að allir verði duglegir að skrá niður allt það dýrmæta sem svo gengur til næstu kynslóða“.

Bóndavarðan óskar Íris innilega til hamingju með nýútgefnu bókina sína. Megi hún varðveita menningararf marga kynslóða í eldhúsinu.

FERÐIN FRÁ LAUGUM OG AÐDRAGANDI HENNA

Reglulega áskotnast Bóndavörðunni skemmtilegar sögur, samantektir, frásagnir og fleira. Fyrir nokkru fékk ritstjóri í hendurnar eftirfarandi frásögn. Þar ritar Guðmundur Gunnlaugsson eigin upplifun og ævintýri er hann ferðaðist frá Laugum heim á Djúpavog veturinn '60 - '61. Enn dýrmætara er nú að fá að lesa þessa skemmtilegu samantekt og frásögn þegar Guðmundur er farinn í sumarlandið. Hann lést í ágúst síðastliðnum. Guðmundur var iðinn við skrif og hélt dagbækur alla tíð. Hann ritaði gjarnan endurminningar og varðveitti þannig góðar sögur. Skrif Guðmundar lifa enn og fékk Bóndavarðan leyfi afkomenda hans að birta hér ein þeirra.

Ferðin frá Laugum og aðdragandi hennar. Veturinn 1960-61

Það er mánudagur 1. maí hér á Laugum. Síðustu próf voru á laugardagsmorgun 29. apríl og skólaslit í gær, sem var sunnudagur 30. apríl. Sem sagt, skóla lokið þennan veturinn. Í þá daga voru þeir ekki hafðir eins langt fram eftir vori eins og síðan hefur tíðkast. Að vísu er hérna dálítill hópur, sem verður um það bil mánuð í viðbót, það er fólk sem mun ætla að þreyta landspróf svokallað, um næstu mánaðarmót. Þetta var alvöru vetur, snjóþungur að mínum dómi, sem var kominn af snjóléttasta svæði norðan Alþafjalla, eða að minnsta kosti á Íslandi. Ég held að hafi snjóað flestalla daga í marsmánuði, svo mikill var jafnfallinn snjór að maður hélt jafnvel að hann myndi liggja fram á sumar. Mér heyrðist þó á heimaþingi að þetta væri í meðallagi og mjög eðlilegt.

Þegar nokkrir dagar voru liðnir af aprílmánuði, varð snögglega breyting á. Þá kom vorið eins og hendi væri veifað. Eftir það léku ýmist þýðvindar um dalinn, eða sól skein með steikjandi hita. Einn slæmur fylgiskurur var með þessari skyndilegu vorkomu, þegar vegir fóru að líta dagsins ljós voru þeir eitt botnlaust forarsvað og illfært flestum ökutækjum. Algjörlega var sagt ófært til Akureyrar, en um nágrannasveitirnar var hægt að þvælast með látum. Jæja, þannig stóðu nú málin eftir þetta skólaslutt og allir hugðu á brottför, sumir á heimaslóð en aðrir leituðu á nýja staði.

Fljótlega eftir að skólastjóri og kennarar höfðu sagt hin síðustu orð tóku að drífa að hin margvíslegustu farartæki úr nágrenninu. Þaðan var reyndar stærsti hluti nemenda, sem nú þurftu að yfirgefa skólann. Þar voru mættir að sjálfsgöngu feður, bræður og frændur hins hámenntaða hóps, sem nú þurfti ekki, seinna en strax, að komast heim frá þessum góða stað og margir með þeim ásetningi að koma aftur að hausti. Ég ætla að nefna aðeins meira bíla sem mér eru talsvert minnisstæðir, það var nokkuð sérstæð flóra. Þar voru nokkrir Dodge Weapon og Cariol, einn G:M:C: truckur, 10 hjóla og svo gömlu góðu rússarnir og Willys jepparnir allir á skurðarskífum með keðjum á. Annað þekktist ekki í þá daga. Keðjur voru nefnilega býsna góðar í drullu, sem var nóg af um allar götur.

Að kvöldi þessa dags (þ.e.a.s. sunnud. 30. apríl) var orðið nokkuð tómlegt og hljótt og fáir í matsalnum, um hádegi daginn eftir enn færri, í kvöldmatinn mættu aðeins við tveir, ég sem þetta rifja upp og Hlífar Ákason, auk landsprófhópsins, 15 - 20 manns, sem ríktu á miklu hærra plani en við. Ég og Hlífar höfðum nefnilega verið í smíðadeild liðinn vetur, ásamt 9 öðrum strákum og sóttum við auk þess nám í reikningi, íslensku, sundi, leikfimi og söng. Lítið var nú um söngmenn í þessari fámennu deild, nema Hlífar. Hann var fljótlega valinn úr og settur í úrvals söngflokk sem kallaður var „Litli kórinn“ og söng iðulega við hátíðleg tækifæri um veturinn undir stjórn Páls H. Jónssonar. Nú var svo komið að við Hlífar vorum staddir í nokkrum vanda. Hvernig áttum við að komast heim? Okkur var sagt að engar strandsiglingar væru um þessar mundir vegna verkfalls yfirmanna á ríkisskipum, en þeirra ferða höfðum við notið bæði þegar við mættum í skólann í haust og eins er við fórum í jólafrí heim, fram og til baka. Þá var ekkert vandamál á ferðinni, öðru máli gegndi nú. Yfirvöld á þeirri æruverðugu stofnun sem Laugaskóli var, sögðu að við skyldum bíða rólegir, brátt myndu vegir lagast. Kæmumst við þá til Akureyrar, í flug til Egilsstaða. Sá hængur var þó á að ekkert beint flug var til Egilsstaða og þurfti að fljúga fyrst til Reykjavíkur og þaðan austur. Það hefði kostað morð fjár, sem var mjög takmarkað í okkar eigu. Vissum við mætavel að ófær væri leiðin frá Egilsstöðum suður á firði, enda engar fastar bílferðir á þeirri leið.

Fórum við nú að huga að smíðisgripum okkar, sem höfðu verið til sýnis síðastliðna viku, meðan prófin geysuðu. Hinir strákarnir úr smíðadeildinni, sem voru flestir úr nágrenninu fengu allir að geyma sína hluti þar til færð skánaði og hægt væri að sækja þá á vörubíl eða kerrum og þurftu lítið að hafa fyrir þökkun. Öðru máli gegndi hins vegar hjá okkur tveim, við vorum tilneyddir að taka sundur og pakka eins vel og hægt var. Drifum við nú í þessu, svo ekki stæði á því ef rættist úr með ferð. Kláruðum þetta með hraði og stöfluðum upp á góðum stað. Gerðum upp okkar reikninga, þar á meðal fyrir matinn sem við höfðum étið síðasta fjórðunginn af dvölinni þar á bæ. Sagði bryti, að okkur væri velkomið að borða frítt í kaupbæti, þá daga sem við þyrftum að bíða byrs heim á leið, það þyrfti hvort sem er að reka mötuneyti fyrir eftirlegukindurnar í landsprófsdeildinni.

Þetta var fyrsta góða fyrirgreiðslan af mörgum sem við áttum eftir að njóta næstu daga. Að kvöldi, hinn 2. maí kom skólastjórinn til okkar þar sem við vorum pungsveittir að pakka mublum og sagði að vantaði menn til að grafa skurð fyrir rafmagnskapli milli húsa, sirka 50-60 metra langan. Benti hann okkur á að þarna gætum við náð okkur í smá pening og drepð jafnframt tímann

meðan við biðum eftir að úr rættist með ferð. Féllumst við á að vinna þetta verk og hófumst handa morguninn eftir undir stjórn verkstjóra sem var þarna vegna byggingaframkvæmda á staðnum. Það var nefnilega verið að byggja við gamla skólann, sem Jónas frá Hríflu lét reisa einhvern tíma fyrr á öldinni tuttugustu. Nokkuð vel gekk skurðgröfturinn, ekki minnst ég þess að klaki hafi verið til tafar og heldur gott að grafa, þar hefur snjórinn sem lá sem lengst, hlíft fyrir frosti, en var nú horfinn nema í dýpstu lægðum. Á öðrum degi var sýnilegt að greftri yrði lokið um kvöldið og ekki bólaði á öðru verkefni. Ég hafði fengið geggjanda hugljómun um morguninn. Hún var sú hvort ekki mætti fara landveg austur. Viðraði ég þessa hugmynd við Hlífar, hann leit á mig með aumkunaugaum og sagði: „Alltaf dettur þér einhver vitleysa í hug Guðmundur! Sigurður myndi aldrei sleppa okkur í svona óvissuferð." Ég tók á öllum mínum sannfæringarkrafti. Að lokum féllst hann á að melta þessa bilun og smám saman rann upp fyrir honum að þetta myndi hið eina sem eitthvað „fútt“ væri í. Nú var að vaða í kennarana og vinna þá á sitt band.

Skurðgrefti var lokið um kaffi leytið, eða mjólkurleytið, því kaffi var ekki haft um hönd þarna. Hróar smíðakennari var staddur einhversstaðar á leið okkar, hans hlutverki var lokið þennan veturinn. Hann bjó á staðnum. Við vorum ekkert feimnir að tala um þetta við hann, enda tendraðist hann upp og sagði: „Þetta líkar mér, ég hefði gert hið sama." Óskar íþróttakennari kom þarna aðvifandi og blandaði sér í málið fullur af áhuga: „Þið getið þetta vel, fílefldir eftir alla íþróttakennsluna hjá mér. Nú eruð þið lausir undan skólaaganum og þið hafið leyfi til að versla í sjoppunni hjá mér. Ég get selt ykkur nóg af súkkulaði!" Það kvað hann hið mest orkugefandi nesti. Það lá nefnilega blátt bann við að nemendur keyptu sælgæti meðan skólahald stæði yfir. Aldrei varð ég vottur að því að Óskar bryti það bann. Í dag sé ég að þetta voru góðar reglur. Hvöttu þessir jákvæðu menn okkur til að fara strax til „Stjóra" og inna hann eftir fararleyfi.

Ekki létum við standa á því og hittum karl á skrifstofu sinni, sem jafnframt var svefnherbergi hans. Leit hann forviða á okkur og varð eins og köttur á svipinn, mælti síðan hvasst: „Þetta kemur ekki til greina ég leyfi þetta aldrei. Þið vitið að ég ber ábyrgð á ykkur meðan þið dveljið innan veggja skólans og eins að þið ferðist á öruggan máta héðan. Þar með er það útrætt mál."

Það voru vonsviknir menn sem sneru aftur til Hróars með þessa niðurstöðu. Sagði hann hress í bragði: „Þetta er bara byrjunin, karlinn lætur sig, þið farið bara aftur og aftur, jafnvel aftur, þá skulið þið sjá til. Látið líða eins og klukkutíma, áður en þið farið á ný." Klukkutíminn leið og ég fór einsamall í annað sinn, félagi minn ákvað að þetta þýddi ekki neitt. Stjóri varð argur er ég knúði dyra: „Þú manst að ég var búinn að segja mitt lokaorð gegn þessu flani" mælti hann önnur: „Veit ég það," viðurkenndi ég „en ég var ekki búinn að segja mitt síðasta." Reyndi ég að útskýra fyrir honum alla tilhögun ferðarinnar. Varð hann greinilega dálítið hugsandi yfir þessum ráðagerðum og sagði mér, eða okkur að koma eftir nokkra stund, þá yrðu úrslit ráðin. Grunaði mig að líklega væri björninn unninn.

Í þriðja sinn fórum við báðir. Þá var karl nokkuð breyttur í viðmóti, þaulspurði hann um ýmis atriði í ferðaáætluninni og sagði svo. „Þið hafið ekki hugmynd um hvað þið eruð að fara út í drengir, en ég virði við ykkur hvað þið eruð ákveðnir og óragir því þetta verður erfið ferð. Þó hef ég samt ákveðið að sleppa ykkur. Þið þurfið ekki að halda að ég hafi ekki hugsað um ykkar hag milli þess sem þið komuð að suða í mér. Ég hefi haldið uppi spurnum um margt er gæti greitt ykkar veg. Í fyrsta lagi getið þið trúlega fengið bílfar austur að Grímsstöðum því fjallabændur ætla að reyna að komast hingað á morgun með krakka sína á sundnámskeið. Sjálfsagt verður farið að líða á morgundaginn er þeir birtast hér, en þið verðið sjálfir að hafa gát á því. Í öðru lagi þurfið þið að gera grein fyrir flutningi ykkar. Ég mæli með því að þið semjið við hann Jónas á Stóru - Laugum um að flytja þetta fyrir ykkur og koma því á skipaafgreiðslu. Hann á vörubíl og fer áreiðanlega á stjá þegar vegir þorna." Þetta voru hans orð.

Nú þurfti að hafa hraðar hendur. Við fórum til Helga bryta og fengum hjá honum tóma hveiti poka. Þeir voru tandurhreinir, eins og vænta mátti hjá slíkum hirðumanni. Hann var hýr í bragði og óskaði okkur góðrar ferðar, en pokana ætluðum við að nota undir þennan litla farangur sem við þurftum nauðsynlega að hafa með okkur í ferðinni. Einhvers staðar fundum við snæri, sem varð að duga í ólar á pokana. Nú var vandinn að taka sem minnstan farangur. Númer eitt, föt til skiptanna, það er að segja buxur og skyrtu, eitthvað af sokkum, húfu og vettlinga, stígvél voru tekin með sem betur hefði ekki verið. Landakort átti ég og myndavél. Nú var eftir að fara í sjoppuna hjá Óskari vini okkar og kaupa súkkulaðið fyrrnefnda, sem átti að gefa okkur mikla orku á göngunni löngu. Við tókum sprett út að Stóru - Laugum til fundar við Jónas. Hittum við hann í bílskúr utan við hús, þar sem hann var að stússa við bílinn, sem var Chevrolet, nokkuð við aldur, eins og eigandinn. Hann var ljúfur í viðmóti, er við bárum upp erindið og mælti: "Það er alveg sjálfsagt, drengir mínir að kippa þessu með á skipaafgreiðsluna á Húsavík. Ég fer nú að flytja áburð strax og vegir þorna." Þetta voru ekki slæmar undirtektir! Spurðum við hvað við ættum að greiða fyrir., Ja, eitthvað ofurlítið þarf þetta víst að kosta, ætli við segjum ekki svona 100 krónur á hvorn ykkar." Ekki var nú okrað á hlutunum á þeim bæ. Fannst okkur nú farangur kominn í góðar hendur, enda skilaði hann sér án tjóns að þrem vikum liðnum.

Um hádegi þann 5. maí stóðum við ferðbúnir og nú var bara að bíða eftir fjallabændum. Ekki var sú biðin mjög löng, því um kaffileytið voru þeir allt í einu komnir og einhver ósköp af krökkum streymdi út úr jeppunum, sem voru tveir, annar Willys jeppi, 47 módel og rússi mjög ræfilslegur, sjálfsagt 56 módel. Mér fannst með ólíkindum hversu marga krakka fjallamenn áttu, vel framgengna og myndarlega á aldrinum sirka 10 til 14 ára. Eftir á að hyggja hljóta að hafa verið í þeim hópi hið landspekta fólk, Ævar Kjartansson frá Grímsstöðum og Margrét Pála (Grýla) frá Víðihóli.

En nóg um það. Við gáfum okkur á tal við bílstjórana sem voru bara viðræðugóðir og sögðu okkur velkomið að sitja í til baka og gisting á þeirra heimilum sjálfsgöð. Hins vegar þyrftu þeir að skreppa í verslun sem var þarna í nágrenninu og smá töf yrði á

brottför til baka. Eftir furðu stuttan tíma voru þeir aftur komnir í Laugahlað og sýndist mér bílarnir troðfullir af varningi. Auk þess höfðu 2 farþegar aðrir bæst í hópinn, voru það bræður úr Möðrudal, Vernharður og Stefán Villhjálmssynir. Hafði Venni komið vestan af fjörðum, þar sem hann var á vertíð á liðnum vetri. Kvaðst hann hafa komið með flugi til Akureyrar og síðan gengið yfir Vaðlaheiði og komist áfram þaðan austur í Bárðardal, þangað sem Stefán bróðir hans hafði verið vinnumaður um veturinn.

Nú var farið að raða í bílana. Vernharður og ég vorum settir í Willysjeppann, sem var troðfullur afturí. Dæmdist á mig að sitja á pokaskaufa milli framsætanna, en Vernharður í farþegasætinu. Ökumaður jeppans hét Benedikt bóndi á Grímsstöðum. Einn hjálparmaður frá Grímsstöðum hafði komið með þeim norður, sat hann í framsæti rússans en Stefán og Hlífur lágu upp á fódurbætishlassi afturí. Hófst nú ferðin upp Reykjadal, sem var tafsöm vegna drullupyttu, en allt þokaðist þó áfram. Ekki þarf víst að ítreka það að bílarnir voru báðir á keðjum á öllum hjólum og veitti ekki af.

Brátt var dalurinn á enda og við tóku brekkur í átt til Mývatnsheiðar og nú brá svo við að þegar hærra dró skánaði færðin, eða íhleypum fækkaði. Í staðinn kom krapavaðall og hélst hann óslitið upp að Mývatni. Var þar auður og ágætur vegur um byggðina og gekk vel austur að Reynihlíð. Þangað áttu bændur eitthvert smá erindi, sem tafði þó lítið. Það var eins og ekkert tefði þessa menn, ég held þeir hafi ekki einu sinni þurft að nærast, eða ekki varð ég var við það, nema kannski þeir hafi rífið eitthvað í sig á Laugum. Var nú Námaskarð framundan og innan stundar var komið að því. Mikill krapaelgur var er nær dró skarðinu en fastur vegur var þó undir. Vorið hefur víst komið seinna þarna uppi, heldur en niðri í dölunum sem eðlilegt er. Feikna stór skafi lá á veginum í háskarðinu og þurfti að klöngrast yfir brattan og blautan mel til hliðar. Gekk það vonum betur. Lá síðan leiðin að austanverðu niður að sjálfsgöðu. Þar niðri í lægðinni blasti við stór og djúp krapablá, sem þurfti að taka stóran sveig fyrir til suðurs. Mikil bleyta var á þessari hliðarslóð sem lauk á þann veg að keyra þurfti yfir einn gufu eða leirhveranna sem nóg er þarna af. Ekki heyrði ég bílstjórana segja eitt orð yfir þessu öllu saman. Ég held að þeim hafi þótt þetta svo sjálfsagt og eðlilegt. Ekki veit ég hvernig menn tækju þessu nú á dögum, það var bara annað viðhorf til málanna en í dag.

Nú var komið svarta myrkur, því dimmt var í lofti. Áfram var svamlað austur Mývatnsöræfin í úrtakslausum krapa. Miðaði hægt en örugglega. Loks birtist brúin á Jökulsá, sem ég hafði ekki séð, né farið yfir áður. Þótti mér hún stórt og fallett mannvirki. Stuttur áfangi var nú eftir í Grímsstaði og fyrr en varði rennt þar í hlað. Stutt ráðstefna var sett þar í hráslaganum utan við hús, varðandi framhald ferðar okkar fjórmenningana. Varð afraksturinn af því spjalli sá, að Víkingur féllst á að koma okkur áleiðis í átt til Möðrudals á rússa sínum að morgni dags. Að því búnu hélt hann til sína heima og tók Hlífur með sér til gistingar. Möðrudalsmenn fóru á einhvern annan bæ þar á Grímsstaðatorfunni. Þar var nefnilega þríflegt. Auðvitað þekktu þeir alla þar á bæjum, nágrennafólk sitt.

Ég varð eftir hjá Benedikt og bauð hann mér gistingu. Kona hans var ein á fótum, því orðið var áliðið kvölds. Snaraði hún á borðið hangikjöti (auðvitað Hólsfjallahangikjöti) með tilheyrandi meðlæti og er mér minnststætt hvað það var rosalega gott. Fljótlega var gengið til náða og fékk ég privat herbergi, sofnaði strax, en vaknaði um nóttina við að mér var hrollkalt, minnir mig að engin upphitun hafi verið í herberginu. Sofnaði samt fljótlega aftur og svaf vært til morguns. Þegar ég kom á fætur um morguninn voru hjónin komin á ról og einhverjir ungir krakkar.

Fljótlega eftir morgunkaffið renndi Víkingur í hlað með næturgest sinn á rússanum, drukku þeir aukakaffi og síðan rokið af stað, Möðrudalsmenn teknir með úr næsta húsi og öslað út í krapann, sem var þungur fyrir hjólum. Tók ég strax eftir því að vélin hafði ekki hálfan kraft, enda auðheyrt að hún gekk bara á þrem af fjórum sýlindrum. Þokaðist samt hægt og bítandi í átt til Víðidal og upp úr hádegi var rennt þar í hlað. Eitthvert erindi átti Víkingur þar heim, líklega þurft að skila pakka af sér. Eldri maður kom út í dyrnar og töluðust þeir aðeins við, hann og Víkingur. Möðrudalsbræðrum varð að orði er þeir sáu manninn, er þeir kölluðu Þorstein: „Er hann nú afturgenginn þessi.“ Þeir höfðu frétt að hann hefði geispað golumni á liðnum vetri og ætti að liggja stirðnaður í gróf sinni. Gat Víkingur fullvissað þá um að þetta væri tómur misskilningur. Karlinn hefði fengið lumbru í sig í vetur, sem hann hefði yfirstigið og væri sprellifandi.

Enn á ný var stefnan tekin í Möðrudal og færðin svipuð suður í Vegaskarð, þar var stoppað og aðstæður kannaðar. Feiknamikill skafi var Möðrudalsmegin í skarðinu og þuggum við okkur undir að fara á tveim jafnfljótum síðasta spölinn þangað heim. Víkingur kvaðst vera í hálfgerðum vanda staddur. Hann sagðist sjá að hann hefði ekki nægt bensín aftur til baka heim og rússinn væri búinn að drekka meira bensín en hann hefði órað fyrir. Sagðist hann efast um að væri til bensín í Víðidal. „Eina leiðin er að böðlast alla leið í Möðrudal“ mælti þessi knálegi maður og lét sig vaða með manni og mús niður hjarnfönnina.



Maí 1961

Heyrði ég hann tauta í barm sér á leiðinni niður: „Hvernig í ósköpunum kemst ég hér upp aftur.“ Aldrei frétti ég af því hvernig það fór, en næst er ég heyrdi hann nefndan var hann farinn að búa norður í Glæsibæjarhreppi við Eyjafjörð.

Loks var rennt í hlað í Möðrudal, það var fyrsti bíll á því vori sem þangað kom. Tæpast hafði Víkingur stoppað rússann þegar maður einn kom í loftköstum fram af tröppum hússins (húsi Villhjálms) og hrópaði: Alveg þekkti ég að þetta varst þú, Víkingur minn, enginn ekur eins liðlega í hlað og þú!“ Síðan var öllum boðið upp á kaffi. Jón lék við hvern sinn fingur og var engu líkara en hann væri húsbóndinn á því heimili, þar sem hann var eiginlega gestur. Hann bjó nefnilega í öðru húsi. Hefur sjálfsgagt verið þar sem honum þótti mest gaman hverju sinni. Hann gaf okkur hornauga meðan þeir Víkingur göntuðust hvor við annan. Þegar tók að linna gáskanum fórum við að þreifa fyrir okkur hvernig honum litist á væntanlega ferð okkar yfir Jökuldalsheiði. „Það er hægt að komast þetta, en ykkur mun reynast það erfitt.“ Síðan vildi hann sem minnst um þetta tala.

Eftir kaffidrykkju bað Jón okkur endilega að koma yfir til sín, hann þyrfti að segja okkur svo margt, spila og syngja. Ekkert vildi hann tala meir um ferðalag okkar. Settist karl nú við orgel sem var í stofunni, sem mér sýndist líka vera geymsla, þar ægði saman hnökkum, alls kyns reiðtygjum og smíðaáhöldum. Spilaði hann nú og söng svo hátt að ég hélt að þakið myndi fjúka af húsinu, síðast bað hann okkur að nefna einhvern söngtexta, sem okkur dytti í hug og myndi hann semja nýtt lag á augabragði. Stakk ég upp á „Nú er frost á Fróni“ og um leið kom lagið með miklum gný. Ekki reyndist textinn nógu langur við lagið, svo hann þurfti að endurtaka 4 eða 5 sinnum Hamragil.“ Okkur var boðinn kvöldmatur og gisting á heimili Villhjálms og Margrétar. Sagði Venni að hann grunaði að afi hans ætlaði að fylgja okkur aðeins inn fyrir túnið. Ekkert hafði hann nefnt það við okkur.



Um morguninn vöknuðum við upp við að lamið var harkalega á hurðina og Jón snaraðist inn á gólf og æpti: „Upp með ykkur drengir, því nú verðið þið að drífa ykkur af stað tafarlaust. Það var grimmdarfrost í nótt og verður gott færi fram á daginn.“ Þá var klukkan rúmlega 5 að morgni. Eflaust hefur karl vakið tengdadóttur sína, því hún var búin að reiða fram dýrindis morgunmat er við komumst á ról. Þessi góða kona gaukaði að okkur sínum tveim brauðsamlokunum hvorum, heimabakað brauð með rúllupytsu. Ekki vildi hún taka við neinni greiðslu fyrir þetta allt. Sama var að segja um alla fyrirgreiðslu sem við páðum á Grímsstöðum. Eitthvað borguðum við Víkingi fyrir skutlið, en það var víst ekki mikið á mann. Er við komum út frá morgunnæringunni hjá Margréti, beið blessaður karlinn hann Jón þar með þrjá hnakkhesta og kvaðst ætla að fylgja okkur smá spöl.

Var nú snarast á bak og þeyst af stað. Jón var hress í morgunsárið spjallaði og fræddi okkur um margt sem fyrir augu bar. Ekki lét hann staðar numið fyrr en við vorum komnir upp á vestari Fjallgarð þar sem Geitasandur blasti við. Þar sagði hann okkur til vegar yfir sandinn, sem nú var ein svellalögð krapablá. Bað hann okkur að hraða förinni sem kostur

væri, svo við slyppum yfir áður en hlýnaði til skaða. Greinilegt var að nú dró til sunnanáttar, því skýjabakki reis allt í einu upp í átt til Jökuldals. Að skilnaði rétti hann mér langan staf og bað okkur að þiggja hann að gjöf frá sér. „Farið nú og Guð veri með ykkur.“ Að svo mæltu kvöddum við þennan heiðursmann og örkuðum af stað. Ekki páði hann krónu fyrir þennan mikla greiða, sem við nutum. Vel miðaði okkur áleiðis yfir svelli lagðan Geitasandinn. Þó fór svo þegar við nálguðumst melana sunnan hans, að fór að skreppa niður úr svellinu í einstaka spori. Tókum við þá stefnuna á þann mel sem lengst skagaði til norðurs og var nokkurn veginn auður. Komnir á austari Fjallgarð litum við til baka og sáum við mann og hesta bera við loft á vestari Fjallgarðinum. Veifaði hann treyju sinni og hvarf eins og elding.

Nú hallaði undan fæti og létt ganga í bili, komum meira að segja á auðan veg austan í fjallgarðinum og niður að brúnni, sem er þar í lægðinni, sáum á kortinu að sú elfa mundi Gestreiðarstaðakvísl heita. Gekk nú mjög greiðlega gangan að Rangalóni. Lá gamli vegurinn þar um hlað og var upplagt að stoppa smástund þar við rústirnar og narta aðeins í nesti, sem var aðallega kremkex og súkkulaði. Samlokurnar frá Möðrudal voru sparaðar. Vorum við svo bjartsýnir að smeygja okkur í stígvél. Ekki höfðum við lengi gengið er færðin versnaði, krapinn botnaus í lægðum og stígvélin full ásamt fót kulda. Skiptum við aftur yfir á strigaskóna og var það öllu betra.

Nú var komin þoka og súld og engin regnföt með í ferðinni, nú varð að ganga sér til hita. Það sást hvergi móta fyrir vegi og tókum við það ráð að fylgja símalínunni, auðvitað lá hún niður í Jökuldal. Krapavaðallinn jókst eftir því sem sunnar dró, en áfram þokaðist samt jafnt og þétt. Síðast komum við að mestu krapablánni sem var ekki árennileg, þó var stutt yfir en dýptin tók okkur í mitti. Þar brotnaði stafurinn frá Jóni, hans hlutverki var líka lokið. Nú létti þokunni og sást til sólar, hlý gola barst líka neðan frá dalnum sem mótaði fyrir og grillti í veg á stöku stað nokkru austar. Komum við á hann stutt frá Ármótaseli. Nú var gott og gaman að koma af fjöllum, við þornuðum fljótt í góða veðrinu og fremst í Arnórstaðamúlanum tókum við góða hvíld, fórum í þurrar buxur og sokka og átum Möðrudalssamlokurnar.

Ekki þekktum við neitt til fólks á Jökuldal, en vissum að við þurftum að leita á náðir þess og nú varð að láta reyna á það. Við örkuðum alsælir af stað niður múlann og komum brátt að Gilsánni, þá var gamla brúin enn í notkun, sem var djúpt niðri í giliinu. Er upp úr giliinu kom var bærinn Gilsá þar rétt við veginn. Á hlaðinu stóðu tveir bílar, annar var vörubíll sem ég kannaðist við. Út í dyrnar kom líka maður sem ég þekkti allavega í sjón. Sá hét og heitir víst enn Sigurður Magnússon. Ég mundi eftir honum úr brúarvinnu í grennd við Berufjörð tveim árum áður. Hann bar líka kennsl á mig, var hann undrandi að sjá menn koma af fjöllum ofan og spurði margs. Okkur var boðið inn í kaffi og voru nýbökud vinarbraud á borði. Þau voru góð!

Við stóðum stutt við á Gilsá, þökkudum fyrir okkur og höldum göngu okkar áfram, alsælir eftir góðgerðirnar hjá þeim góðu hjónum. Enn var mikið eftir af deginum og veðrið var gott, skýjað loft en logn. Stutt bæjarleið er milli Gilsár og Skjöldólfsstaða og innan skamms bar okkur þar að. Skjöldur var eins og af tilviljun að tvístíga úti á hlaði. hitti okkur að máli og langaði að vita hvaðan okkur bæri að. Sögðum við sem var að við kæmum frá Laugum. „Það passar“ sagði hann það var einmitt verið að spyrja um ykkur þaðan.“ Ekki varð það samtal mikið lengra, en við höldum göngu okkar áfram. Sjálfsagt hefur Sigurður á Laugum hringt í Skjöld og bedið hann að njósna um okkur.

Nú var löng bæjarleið framundan, ég held bara sú lengsta í heimi. Hjarðarhagi næsti bær. Tvo tíma tók okkur að leggja hana að baki. Það fór óðum að kvöldu og ekki frítt við að þreyta færi að gera vart við sig, ekki var þó leiðin löng í kílómetrum. Ættum við að prófa hvort við getum fengið að sofa í Hjarðarhaga í nótt? Eins og ósjálfrátt beygðum við þangað heim. Kona kom til dyra, sem talaði með erlendum hreim. Bárum við upp erindið og kvað hún velkomið að við svæfum þar um nóttina, en ekkert sagðist hún geta gefið okkur að borða, því ekkert væri til ætilegt, bændurnir hefðu farið í kaupstað til Reyðarfjarðar snemma í morgun og væru ókomnir enn. Töldum við það vera í lagi, mest um vert væri að fá að sofa. Við áttum nefnilega smá súkkulaði og kex eftir. Var nú gengið í bæinn og vorum við fegnir að setjast niður. Eitthvað var konan að stússa og eftir smá stund snaraði hún hafragraut og slátri á borðið og bað okkur að fyrirgefa þetta lítilræði. Þetta var dásamlegt, hvað var hægt að hugsa sér betra! Fljótlega vísaði hún okkur til herbergis. Þar var þrjónavél undir glugganum, milli rúmana. Ég held við höfum verið fljótir að sofna. Vöknuðum endurnærðir í sól og blíðu. Er við komum niður sátu 2 karlar þar og drukku kaffi, borðið hlaðið bakkelsi úr bakaríi. Voru þeir víst nýlega komnir úr Reyðarfjarðarförinni og létu illa af færðinni. Það var ekki sjón að sjá jeppann, sem þeir voru á, hann var eins og moldarhaugur. Drukkum við nú kaffið með hraði og af stað. Maður var léttur á sér fyrsta spölinn, úthvöldur, en fljótt urðum við hrikalega sárfættir. Versnaði það jafnt og þétt út dalinn. Förum við nú að tala um ef við sæjum jeppa við einhvern bæinn, að athuga hvort ekki væri hægt að fá smá skutl, þó ekki væru nema nokkrir kílómetrar. Við pínðum okkur framhjá Hofteigi, enda sást þar enginn bíll af neinu tagi.



Loks nálgumst við Hvanná, þar var greinilega jeppi í hlaði, þar knúðum við dyra og var boðið upp á hádegismat, sem voru kjötbollur ekki af lakara taginu. Að áti loknu tókum við að impra á þessu með jeppaferð. Kvað Einar bóndi það geta gengið þegar við erum búnir að bólusetja rollurnar við lambablóðsótt, eða heldurðu að þú gerir það ekki Manni minn" sagði hann við ungan mann, er sat þarna til borðs. Manni var til í það, en sagði jafnframt að hann væri að hugsa um að gera það strax, því þeim kæmi það örugglega betur ferðalöngunum, nógur tími væri að sprauta rollurnar á eftir og varð svo. Nú skilaði vel áfram. Manni var þó nokkuð ökuglaður og brátt voru Hauksstaðir að baki. Nokkru utar tóku við vilpur í vegi er smáversnuðu. Tókst honum þó að böðlast nokkuð út fyrir þar sem Hrólfsstaðir eru nú, þar var kolófært. Sást vel umrötið eftir Hjarðarhagabræður í forinni, frá því um nóttina. Vel munaði um þessa bílferð og ekki vildi Manni taka krónu fyrir ómakið. Kvað hann þetta skemmtilega tilbreytingu.

Þá var að bera fyrir sig fætur á ný. Við þokuðumst yfir Jökulsárbrúna, þá gömlu vitanlega. Nú voru 25 km. í Egilsstaði yfir Tunguna. Það saxaðist smám saman. Líka leið á daginn. Milli Heiðarsels og Skóghlíðar mættum við manni einum. Bar sá prímus í annarri hendi og brennijárn í hinni. Töluðum við aðeins við hann. Þetta var Frissi í Skóghlíð. Loks komum við niður að Urriðavatni. Þar voru staddir 3 menn. Tveir þeirra voru mjóir, einn sver. Hann studdi sig fram á skóflu og góndi á okkur. Ég vissi hver hann var, hann hét Helgi.

Mjóu mennirnir voru að moka úr malarhlassi, sem hafði verið sturtað í vilpu á veginum. Þarna var greinilega verið að bæta úr samgöngumálum. Er við vorum komnir hæfilega nálægt kallaði Helgi til okkar: „Hvaðan úr andskotanum komið þið." Við kváðumst vera komnir norðan frá Laugum á puttanum. „Þið eruð laglega helvíti vitlausir" bætti hann þá við. Okkur varð svarafátt. Svo tuðaði hann eitthvað meir í geðvönsku. Er þessum orðaskiptum lauk, birtist vörubíll í átt frá Egilsstöðum. Hann sneri og kom bakkandi að pyttinum. Hittum við bílstjórann að máli og spurðum hvort hann færi til baka. Var hann vingjarnlegur og sagðist fara 2 kílómetra inn fyrir Egilsstaði, væri okkur velkomið að sitja á pallinum þennan spöl. Ekki hafði Helgi sagt sitt síðasta orð, nú bætti hann við: „Reyniði að drulla ykkur uppá pallinn, svo þið tefjið ekki fyrir."

Nú var löng bæjarleið framundan, ég held bara sú lengsta í heimi. Hjarðarhagi næsti bær. Tvo tíma tók okkur að leggja hana að baki. Það fór óðum að kvöldi og ekki frítt við að þreyta færi að gera vart við sig, ekki var þó leiðin löng í kílómetrum. Ættum við að prófa hvort við getum fengið að sofa í Hjarðarhaga í nótt? Eins og ósjálfrátt beygðum við þangað heim. Kona kom til dyra, sem talaði með erlendum hreim. Bárum við upp erindið og kvað hún velkomið að við svæfum þar um nóttina, en ekkert sagðist hún geta gefið okkur að borða, því ekkert væri til ætilegt, bændurnir hefðu farið í kaupstað til Reyðarfjarðar snemma í morgun og væru ókomnir enn. Töldum við það vera í lagi, mest um vert væri að fá að sofa. Við áttum nefnilega smá súkkulaði og kex eftir. Var nú gengið í bæinn og vorum við fegnir að setjast niður. Eitthvað var konan að stússa og eftir smá stund snaraði hún hafragraut og slátri á borðið og bað okkur að fyrirgefa þetta lítilræði. Þetta var dásamlegt, hvað var hægt að hugsa sér betra! Fljótlega vísaði hún okkur til herbergis. Þar var þrjónavél undir glugganum, milli rúmana. Ég held við höfum verið fljótir að sofna. Vöknuðum endurnærðir í sól og blíðu. Er við komum niður sátu 2 karlar þar og drukku kaffi, borðið hlaðið bakkelsi úr bakaríi. Voru þeir víst nýlega komnir úr Reyðarfjarðarforinni og létu illa af færðinni. Það var ekki sjón að sjá jeppann, sem þeir voru á, hann var eins og moldarhaugur. Drukku við nú kaffið með hraði og af stað. Maður var léttur á sér fyrsta spölinn, úthvildur, en fljótt urðum við hrikalega sárfættir. Versnaði það jafnt og þétt út dalinn. Fórum við nú að tala um ef við sæjum jeppa við einhvern bæinn, að athuga hvort ekki væri hægt að fá smá skutl, þó ekki væru nema nokkrir kílómetrar. Við þíndum okkur framhjá Hofteigi, enda sást þar enginn bíll af neinu tagi.

Loks nálgumst við Hvanná, þar var greinilega jeppi í hlaði, þar knúðum við dyra og var boðið upp á hádegismat, sem voru kjötbollur ekki af lakara taginu. Að áti loknu tókum við að impra á þessu með jeppaferð. Kvað Einar bóndi það geta gengið þegar við erum búnir að bólusetja rollurnar við lambablóðsótt, eða heldurðu að þú gerir það ekki Manni minn" sagði hann við ungan mann, er sat þarna til borðs. Manni var til í það, en sagði jafnframt að hann væri að hugsa um að gera það strax, því þeim kæmi það örugglega betur ferðalöngunum, nógur tími væri að sprauta rollurnar á eftir og varð svo. Nú skilaði vel áfram. Manni var þó nokkuð ökuglaður og brátt voru Hauksstaðir að baki. Nokkru utar tóku við vilpur í vegi er smáversnuðu. Tókst honum þó að böðlast nokkuð út fyrir þar sem Hrólfsstaðir eru nú, þar var kolófært. Sást vel umrötið eftir Hjarðarhagabræður í forinni, frá því um nóttina. Vel munaði um þessa bílferð og ekki vildi Manni taka krónu fyrir ómakið. Kvað hann þetta skemmtilega tilbreytingu.

Þá var að bera fyrir sig fætur á ný. Við þokuðumst yfir Jökulsárbrúna, þá gömlu vitanlega. Nú voru 25 km. í Egilsstaði yfir Tunguna. Það saxaðist smám saman. Líka leið á daginn. Milli Heiðarsels og Skóghlíðar mættum við manni einum. Bar sá prímus í annarri hendi og brennijárn í hinni. Töluðum við aðeins við hann. Þetta var Frissi í Skóghlíð. Loks komum við niður að Urriðavatni. Þar voru staddir 3 menn. Tveir þeirra voru mjóir, einn sver. Hann studdi sig fram á skóflu og góndi á okkur. Ég vissi hver hann var, hann hét Helgi.

Mjóu mennirnir voru að moka úr malarhlassi, sem hafði verið sturtað í vilpu á veginum. Þarna var greinilega verið að bæta úr samgöngumálum. Er við vorum komnir hæfilega nálægt kallaði Helgi til okkar: „Hvaðan úr andskotanum komið þið." Við kváðumst vera komnir norðan frá Laugum á puttanum. „Þið eruð laglega helvíti vitlausir" bætti hann þá við. Okkur varð svarafátt. Svo tuðaði hann eitthvað meir í geðvönsku. Er þessum orðaskiptum lauk, birtist vörubíll í átt frá Egilsstöðum. Hann sneri og kom bakkandi að pyttinum. Hittum við bílstjórann að máli og spurðum hvort hann færi til baka. Var hann vingjarnlegur og sagðist fara 2 kílómetra inn fyrir Egilsstaði, væri okkur velkomið að sitja á pallinum þennan spöl.



A vibrant poster for a summer event. The background features a large piano keyboard. On the left, there are colorful balloons (yellow, orange, pink) and two cotton candy sticks (blue and pink). In the center, a sun with a snail inside it is labeled 'cittaslow'. To the right, a child's face is shown with colorful face paint. The text is in a mix of bold, stylized fonts. A church illustration is at the bottom right.

Sumardaginn fyrsta
24. apríl
Skrúðganga frá Gömlu kirkju
Andlitsmálning
Blöðrudýr frá 15 - 16 í Gömlu
Orgelstígurinn vígður formlega
Candyfloss
Pokavarp
Kubbur
Brottför kl.16



A chalkboard-style poster with a wooden frame. It features a logo for 'Adventura - food experience' in the top left. The text is written in a clean, sans-serif font. At the bottom, there is a detailed illustration of a man and a woman in vintage attire sitting on a bench, eating. Decorative elements include bees, flowers, and a heart with an arrow.

MATARVAGNINN Á DJÚPAVOGI
VERÐUR OPINN ALLA DAGA Í SUMAR
FRÁ 11:00-17:00
EF VEÐUR LEYFIR

Ekki hafði Helgi sagt sitt síðasta orð, nú bætti hann við: „Reyniði að drulla ykkur uppá pallinn, svo þið tefjið ekki fyrir.“

Á örfáum mínútum vorum við komnir þangað sem mölin var tekin. Þetta voru 6 kílómetrar og munaði um minna. Hófst nú gangan eina ferðina enn, þarna var eitilharður vegur, einum of fyrir sárfætta menn. Mér fannst eins og kviknað væri í löppunum á mér, Hlífar var miklu brattari. Sennilega hefur þetta fótavandamál verið út af bleytusullinu daginn áður. Einn og einn bæ lögðum við að baki inn Vellina.

Á Úlfsstöðum hittum við bóndann þar á bæ skammt frá veginum, hann var að gera við áburðardreifara. Sá var hress í bragði og notuðum við tækifærið að fala næturgistingu. Kvað hann best að ganga til bæjar og ræða við konuna. Var það gert og hittum við hana „bak við eldavélina.“ Var hún döpur og kvað þannig standa á að ekki væri mögulegt að hýsa gesti í nótt. Þetta voru hennar orð, auðvitað bar henni engin skylda til að hýsa flækinga, sem við óneitanlega vorum. Þau hjón hétu Magnús og Sigríður. Sagði Magnús svo: „Er ekki hægt að gefa þeim einhverja hressingu, þeir hljóta að hafa þörf fyrir það eftir alla gönguna.“ Var það orð að sönnu, því kjötbollurnar frá Hvanná voru alveg uppurnar. Snaraði konan nýbökuðu rúgbrauði og mjólk á borðið og smakkaðist það vel og gaf nýjan þrótt.

Er við vorum tilbúnir að fara bauðst Magnús til að skutlast með okkur eitthvað inn á bæi og leita að náttstað. Hann átti flottan Willysjeppa módel '55. Örugglega hefur hann þekkt vel fólkið í Stóra- Sandfelli því hann keyrði rakleitt þangað og talaði máli okkar. Ekki tók hann krónu af okkur beiningamönnunum fyrir skutlið. Var gisting veitt þarna og fengum við ágætt herbergi, það var meira að segja þrjónavél þar í horni herbergisins! Eitthvað minntumst við á smá jeppaferð að morgni og var fátt um svör.

Um morguninn var mikill hvinur fyrir utan gluggann, ég kíkti út. Björn hafði verið að setja jeppann í gang og skildi hann eftir á fullri bensínjölf. Drukkum við morgunkaffi með bændum sem voru bræður. Var niðurstaðan sú milli þeirra að Björn keyrði okkur.

Var nú rokið af stað og hafði hann hand bensínið útdregið. Var það kyndugt ökulag, áfram komst hann þó. Ferðin kostaði 70 krónur. Ég þóttist þekkja Einar á Arnhólfsstöðum og bað Björn að víkja þar heim. Hann skildi okkur eftir heim við hús og rauk í burtu, á fullu bensíni! Kona Einars kom til dyra og bauð okkur í bæinn. Hún kvað bónda sinn vera við gripahirðingu. Er hún heyrði um ferðalag okkar sagðist hún ætla að hafa hádegismatinn snemma, svo við legðum ekki svangir á Öxi, sem var ætlunin að fara. Bóndi kom inn að lítilli stundu liðinni. Mikið hey loddi við peysuna hans og þó nokkuð tóbak í nefinu.

Nokkuð vel tók hann í að ferja okkur inn á Axarveg. Ég sá reyndar þrjónavél bregða fyrir við einhvern vegg. Hádegismatur var snæddur uppúr klukkan 11. Það var saltfiskur á boðstólum. Síðan var rokið af stað. Einar átti rússa með blæjum. Miðaði vel inn Skriðdalinn, voru vegir nokkuð þurrir í þeirri sveit. Von bráðar vorum við komnir að Axarvegamótum. Einar sneri við, en við settum poka á bak. Ferðin kostaði fáeinar krónur, ekki voru þeir dýrir á keyrslu þessir blessaðir karlar.

Nú var maður kominn á kunnuglegar slóðir og þekkti hvern stein. Veður var gott, hægviðri, en þykkt í lofti. Það var gott gangfæri inn í Öxarárnes og vorum við furðu fljótir þangað, fætur komnir í lag eftir allt hógglífi í bílum. Í Öxarárnesinu var mikil krapabla, sem við höfðum fengið nóg af á Jökuldalsheiðinni. Kræktum þar upp á melana og héldum okkur í efra þaðan og inn á Merkjahrygg. Allt í einu skall á svarta þoka með úða. Þarna var alhvítt, sá ekki á dökkan díl. Skyndilega komum við á för eftir tvo menn. Það kom á óvart. Hverjir gátu það hafa verið? Loks tók ég eftir að önnur förin pössuðu mér nákvæmlega. Gat verið að þetta væru okkar eigin? Svo sannfærðumst við um að svoleiðis var.

Höfðum við greinilega gengið í hring. Nú var betra að gá vel að. Örlítil vindkæla var og er við höfðum tvístigið þarna smá stund, fundum við greinilega sjávarlykt. Var nú einfalt að ganga á þessa gamalkunnu lykt. Svo rofaði aðeins í þokuna og þekkti ég þá Tvíhnúkana á Merkjahrygg. Eftir það var auðratað út á Þrívörðuháls. Komum við út úr þokunni við innri - Víná.

Nú fannst okkur eins og við værum komnir heim og vorum fljótir út dalinn sem var svo kunnuglegur og fallegur. Bragi var að dreifa úr skitahlössum á Löngusléttunni hjá Dalstóttahúsunum og hittum við hann að máli. Sáum við Einar á lengdar, sem var að vinna í sinni fyrstu nýrækt, hann var þetta vor að byrja sinn búskap á Melshorni. Var hann búinn að festa jeppa sinn í flaginu. Benti Bragi okkur á að fara til hans og ýta við jeppanum hjá honum og hann myndi síðan skjóta okkur heim. Þetta gekk allt eftir. Fólkið heima var mjög undrandi, er við birtumst svo óvænt. Ekkert höfðum við látið í okkur heyra, það var áhættusamt. Kannske hefðum við þá verið latir til ferðarinnar, samhljóða úrtölum Sigurðar gamla á Laugum.

Hlífar hringdi strax í föður sinn og var bill kominn til að sækja hann eftir stutta stund. Ólíkt vorlegra var herna við fjörðinn, heldur en fyrir norðan, tún orðin vel græn og vegir nokkurnvegin þurrir og allt á fullu við að flytja áburð til bænda. Alveg auðséð að vorið var komið fyrir alvöru.

Eftirspjall:

Þegar ég hugsa til baka sýnist mér ég hafa gert litla sögu of stóra. Í raun og veru var þetta ósköp auðvelt og gangan sem ég geri óþarflega mikið úr, var raunar ekki nema 120 km. samtals. Alltaf þarf nú að raupa svolítið. Besta minningin úr þessari skrítnu ferð er af hinu góða og hjálpsama fólki, sem greiddi götu okkar á allan hátt, án þess að því bæri skylda til þess.

„Þetta er búið í bili.“ Þökk fyrir að lesa.

Guðmundur Gunnlaugsson.

FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - RÍKEY

Djúpavogsmeyna Ríkey Elís dóttir þarf vart að kynna en hún opnar Hammondhátíðina í ár. Ríkey kemur fram ásamt hljómsveit austfirskra ungmenna: Bragi Már Birgisson á gítar, Auðun Lárusson Snædal á bassa, Svandís Hafþórsdóttir á allskonar, Benedikt Árni Pálsson á gítar, Logi Beck á trommur og Ágúst Bragi Daðason á hammondorgel.

Nafn tónlistarmanns: Ríkey Elís dóttir

Bakgrunnur í tónlist:

Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að syngja, ég hef eiginlega alltaf verið eitthvað að raula hvert sem ég fer. Ég hélt oft svona stofu tónleika fyrir fjölskylduna mína þar sem ég var með alvöru show, í búning með einhver dans spor og písk fyrir mikrafón. Svo þegar ég varð eldri fór ég að taka þátt í árshátíðum í grunnskólanum og söng þá upp á alvöru sviði og í alvöru mikrafón. Mér fannst það alltaf

skemmtilegast á skóla árinu, þessar tvær vikur sem fóru í undirbúning fyrir árshátíðina. Í grunnskóla var ég líka í tónskólanum þegar það var í boði og æfði á allskyns hljóðfæri en entist aldrei í neinu nema söngnum. Eftir grunnskóla hef ég lítið hægt á mér og hef verið mjög virk í Tónlistarfélagi Menntaskólans á Egilsstöðum. Þar hef ég sungið á þó nokkrum tónleikum og hjálpað til við að setja þá upp núna þegar ég er í stjórn TME.

Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Ég er á loka metrunum frá því að útskrifast úr Menntaskólanum á Egilsstöðum, og er bara að vinna mjög hart að þessum tónleikum sem verða lokaverkefni mitt úr menntaskólanum. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt verkefni sérstaklega því að strákarnir í bandinu eru vinir mínir svo það er alltaf mjög gaman á æfingum. Annars er ég bara að reyna njóta síðustu vikna minna í Menntaskólanum þó það sé brjáláð að gera.

Hefur það verið draumur lengi að koma fram á Hammondhátíðinni?

Já, ég get ekki sagt annað. Ég er náttúrulega uppalin á Djúpavogi svo maður var alltaf mjög spenntur þegar það var búið að dreifa tré hammondorgelunum um allan bæ. Það er merkið að sumarið sé að skella á. Ég man sérstaklega vel eftir því þegar Emmsjé Gauti var að koma fram á Hammondhátíð og krakkarnir í bænum máttu mæta á soundcheckið hans því við vorum ekki með aldur til þess að mæta á tónleikana um kvöldið. Þá var hann stærsta stjarnan og hann kom fram á Hammondhátíð þannig að Hammond hlaut bara að vera stærsta hátíðin.

Hvaða lögum mælir þú með fyrir hátíðargesti að hlusta á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Til að undir búa sig fyrir framkomu mína mætti fólk hlusta á bland af Elín Hall, Bríet og kannski smá af The Cranberries.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér?

Fólk má búast við stanslausu stuði og stemmingu.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Mér finnst hljóðið í Hammondorgelinu mjög skemmtilegt og öðruvísi sem lætur það standa upp úr. Ég ætla líka að nota það í öllum lögnum sem ég syng. Það var einn punktur sem ég fékk frá Írisi frænku minni sem er lærð söngkona. Ég spurði hana hvort hún væri með einhver ráð þegar ég fékk tækifærið að koma fram á Hammondhátíð og hún sagði að ég ætti að nota hammondorgelið því þetta er Hammondhátíð og ég er alveg hjartanlega sammála henni.

Hvað er framundan hjá þér?

Ég er að útskrifast núna í vor, svo er ekki mikið á planinu. Mig langar bara fara að lifa lífinu. Hvort sem það verður háskóli, vinnumarkaðurinn eða ferðalag um heiminn veit ég ekki enn, en það kemur allt í ljós.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarkona?

Mér finnst mjög gaman að vinna í tónlist yfirhöfuð svo það er fátt sem mér finnst ekki skemmtilegt. Mér finnst sérstaklega skemmtilegt þegar það gengur vel á æfingum og maður heyrir að það er allt að koma saman.



FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - SALÓME KATRÍN



Salóme Katrín Magnúsdóttir er tónlistarkona frá Ísafirði. Hún flutti til Reykjavíkur haustið 2015 og hóf nám við heimspekideild HÍ en komst fljótlega að því að tónlistin ætti hug hennar allan. Hún kvaddi því háskólann og hóf tónlistarnám við Tónlistarskóla FÍH og útskrifaðist þaðan vorið 2020. Síðan þá hefur Salóme gefið út sína eigin tónlist, komið fram á ótal tónleikum bæði hérlandis og erlendis og unnið með fjölda tónlistarfólks.

Salóme Katrín kemur fram á fimmtudagskvöldi Hammondhátíðar ásamt NÖNNU og RAKEL.

Þær koma með stórkostlega hljóðfæraleikara með sér, bassaleikarann Ásu Dýradóttur, trommarann Sólrúnu Mjöll Kjartansdóttur og Tómas Jónsson hammondmeistara. Þær ætla að koma fram bæði í sitthvoru lagi og saman og töfra fram ógleymanlegri kvöldstund.

Nafn tónlistarmanns: Salóme Katrín Magnúsdóttir

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Um þessar mundir er ég í tónsmíðanámi við Listaháskóla Íslands og hef lagt mesta áherslu á að vinna með kvenraddir í mínum verkum. Hausinn á mér er alveg á kafi í þeim pælingum en svo er ég líka að vinna í plötu sem verður fyrsta platan mín í fullri lengd. Hún mun ekki koma út fyrr en 2026 en þá er bara hægt að láta sér hlakka til! Svo er ég reyndar að fara gefa út lag rétt fyrir páska og hlakka ógurlega mikið til að deila einhverju nýju með heiminum.

Hefur þú komið á Djúpvog áður?

Jahá! Heldur betur!

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að þínu mati?

Það er auðvitað náttúran og fólkið. Þvílík perla! Mér líður ótrúlega vel á Djúpvogi og ég myndi vilja koma sem oftast!

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Ég spilaði mína fyrstu sóló tónleika með frumsömdu efni árið 2019 en fyrir það lærði ég söng í Tónlistarskólanum á Ísafirði og í Tónlistarskóla FÍH.

Hvaða plötu og/eða lögum mælir þú með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Ég ætla að flytja svolítið af nýju efni þannig það er kannski sniðugt að hlusta á lagið sem er alveg að fara koma út! Always and forever heitir það. Svo er alltaf sniðugt að hlusta á lagið Water af samnefndri EP plötu sem kom út 2020.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér og ykkur?

Fallegri og góðri stemmingu þar sem vinátta og ást á tónlist fær að blómstra!

Er hammondorgelið í upphaldi?

Já kláralega, það er svo mikill kraftur!

Hvernig finnst þér best að semja tónlist?

Mér finnst yfirleitt best að setjast niður við hljóðfærið mitt og syngja og spila þangað til ég finn eitthvað sem kveikir einhvern neista innra með mér. Yfirleitt fæðast textar, laglínur og hljómagangar á sama tíma en það er auðvitað ekki alltaf svoleiðis.

Hvað er framundan hjá þér?

Meiri músík! Plata, lokaverk í tónsmíðum og svo framvegis og svo framvegis.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarkona?

Allt magnaða fólkið sem maður hittir og auðvitað að fá að spila og syngja eins og mann listir!

GÓÐAN DAGINN

Kæru lesendur!

Við í leikskólanum Bjarkatúni höfum verið að vinna með fjölbreytt kennsluefni í vetur, þar á meðal með efni sem heitir Lífsleikni. Kennsluefnið kennir okkur dygðir í leikskólanum sem er mikilvægt vegna þess að þær mynda grunninn fyrir sjálfsmynd, félagslega færni og siðferði barnanna okkar. Þegar börn læra um dygðir frá unga aldri, hjálpar það þeim að þroskast sem heildstæðar manneskjur sem hafa tilfinningu fyrir réttlæti, virðingu og ábyrgð. Þar er farið í gegnum tólf mismunandi dygðir, t.d. hjálpssemi, hugrekki, kurteisi og vinsemd.

Við höfum verið að vinna með kurteisi síðustu mánuði og hafa krakkarnir verið að æfa sig í að bjóða ykkur góðan daginn þegar við erum í gönguferðum. Við höfum líka verið að æfa okkur að passa okkur á bílunum, fara yfir gangbrautir og þakka fyrir okkur þegar það er stoppað fyrir okkur við gangbraut.



Okkur langar að þakka ykkur íbúum innilega fyrir að taka vel undir þegar krakkarnir segja góðan daginn við ykkur. Þau ljóma þegar þau fá bros og góðan daginn til baka frá ykkur. Takk einnig fyrir að sýna okkur þolinmæði þegar þið stoppið fyrir okkur við gangbrautir.

Ragnhildur
Leikskólinn Bjarkatún

BINGÓ

SUNNUDAGINN
4. MAÍ
HÓTEL FRAMTÍÐ

Barnabingó kl 14:00
Spjaldið á 600 kr

Fullorðins bingó kl 20:00
Miðast við fermingaraldur

1 spjald	1.500
2 spjöld	2.500
3 spjöld	3.500
4 spjöld	4.500
5 spjöld	5.000

Hlökkum til að sjá ykkur
Kvenfélagið Vaka

FRÉTTIR FRÁ KVENFÉLAGINU VÖKU

Starfsemi félagsins gengur sinn vanagang, það eru mörg verkefni sem félagskonur leysa af hendi.

Árið byrjaði á blómasölu fyrir bóndadaginn og gengur sú sala alltaf vel, í ár gekk hún það vel að blómin seldust upp áður en búið var að klára allar götur bæjarins.

Ár hvert höldum við bingó á Hótel Framtíð. Ágóðinn af síðasta bingói fór fram úr okkar björtustu vonum og var því ákveðið að þessu sinni að styrkja heimilisfræðikennslu í Djúpavogsskóla og festa kaup á fjórum Kitchen Aid hrærivélum sem munu nýtast mjög vel fyrir börnin á staðnum.

Ágóðinn af bingóinu rennur alltaf til barnanna á staðnum, því hefur félagið gefið ýmsa hluti í gegnum árin, bæði í leikskólann Bjarkatún og einnig í Djúpavogsskóla ásamt því að hafa tekið þátt í bæði ærslabelg og kastala. Jafnframt styrkir félagið einstaklinga ár hvert.



Ásdís, Helga Rún & Hólmfríður og fjórar nýjar hrærivélar

Gestafundir eru yfirleitt haldnir í febrúar, þá býðst konum yfir 18 ára að koma á fund hjá félaginu til að sjá hvernig starfsemin fer fram. Það hefur bæst ágætlega í félagið síðustu misseri en við viljum alltaf fá fleiri félaga. Ef þig, kæri lesandi, langar að koma í félagið, endilega hafðu samband.

Bolludagurinn mætti svo með öllu sínu veldi og býður félagið upp á bollusölu til fyrirtækja og einstaklinga. Með sumrinu fór sumarblómasalan fram og gekk hún að venju mjög vel.

Félagskonur fara í sumarfrí í byrjun maí og hefja starfsemina aftur í október. Þá er strax hafist handa við að undirbúa jólamarkaðinn sem haldin er í Löngubúð ár hvert. Þar koma saman félagasamtök, einstaklingar og fyrirtæki og selja varning sinn. Félagið hefur ætíð haft borð á markaðnum þar sem selt er lafabrauð ásamt ýmsu nýju sem félaginu dettur í hug.

Enn og aftur langar félagið að þakka fyrirtækjum og einstaklingum kærlega fyrir stuðninginn í gegnum árin, því án ykkar væri ekki svona öflugt starf og við gætum ekki styrkt öll þessi verkefni.

F.h. Kvenfélagsins Vöku
Ásdís Heiðdal

DAGUR LEIKSKÓLANS 6.FEBRÚAR



Við ákváðum að breyta til þetta árið og í staðinn fyrir að hafa kaffi á bóndadaginn og konudaginn þá vorum við með vöfflukaffi á Degi leikskólans. Við þurftum svo að færa kaffið um viku þar sem það var rauð veðurviðvörðun og leikskólinn lokaður 6. febrúar!

Það var mjög hátíðlegt um að litast milli kl.15 og 16 í leikskólanum þar sem það var alveg einstaklega vel mætt og kom einhver til hvers einasta barns í leikskólanum, mamma, pabbi, amma, afi og systkini komu og borðuðu vöflur og skoðuðu leikskólann.

Á veggjum leikskólans voru listaverk eftir börnin en einnig höfðum við í tilefni dagsins farið með sýningu út í Kjörbúð. Það var líka dótadagur þennan dag en þá fá krakkarnir að koma með eitt dót að heiman og sýna hinum krökkunum og leyfa þeim að prufa.

Krakkarnir voru mjög ánægðir með daginn og var ákveðið að hafa daginn eins að ári. Sérstaklega mikil ánægja var með vöflurnar.

Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri
Leikskólinn Bjarkatún

FRÁ FERÐAFÉLAGI DJÚPAVOGS



Starfsemi Ferðafélags Djúpavogs hefur verið nokkuð hefðbundin síðastliðið ár. Þó verður að segjast eins og er að undanfarin misseri hefur þátttaka í ferðum dalað, hverju sem um er að kenna en eflaust liggja margar ástæður að baki því.

Félagið og starfsemi þess byggist algjörlega og eingöngu á félögunum og þeim áhuga sem þeir hafa. Undanfarin ár hefur verið reynt að hafa sem mesta fjölbreytni í skipulögðum ferðum félagsins, bæði til að vekja áhuga nýrra meðlima og eins til að reyna að uppgötva nýja skemmtilega ferðamáta. Farið hefur verið í styttri og lengri göngur, styttri og lengri bílferðir, hjólaferðir og skíðaferðir. Misjafnt er hvað hefur vakið mesta lukku.

Við tökum vel á móti nýjum félögum og hvetjum fólk til að ganga í félagið. Með því getur fólk haft áhrif á starfsemi félagsins, látið draumaferðina verða að veruleika. Ferðafélag Djúpavogs er deild innan Ferðafélags Íslands og meðlimir njóta sérstakra fríðinda í skálum félagsins og ferðum. Þeir fá árbók félagsins, auk þess sem þeir njóta afsláttar í fjölmörgum verslunum.

Ferðaáætlun fyrir árið 2025 liggur nú fyrir og vonumst við til að sjá sem flesta koma með okkur í skemmtilegar ferðir og njóta útivistar, náttúru, félagsskaps og alls þess sem fylgir ferðalögum. Annars lítur ferðaáætlun ársins svona út:

26. apríl kl. 11:00: Timburmanna/Hammondganga – Nánari upplýsingar Kristján Ingimarsson.

17. maí: Hrómundarey – Nánari upplýsingar Kristján Karlsson.

20. - 22. júní (eftir veðri): Sumarsólstöðuganga á Hnútu – Nánari upplýsingar Oddný Sif Guðmundsdóttir

Góð helgi í júlí: Útileguhelgi á Bragðavöllum – Nánari upplýsingar Eiður Ragnarsson

Góð helgi í júlí: Árlega ferðin á Búlandstind – nánar auglýst síðar.

17. ágúst: Dagsferð í Stapavík og endað í messu í Malvíkurrétt – Nánari upplýsingar Jóhann Hjaltason.

Dagar myrkurs: Stjörnuskoðun með Snævari – Nánari upplýsingar Þórdís Sævarsdóttir.

Ath. ferðir geta hníkast til vegna veðurs en á Facebook síðu Ferðafélagsins má finna allar upplýsingar um ferðirnar þegar nær dregur.

CONTEMPORARY
ART MUSEUM
ARS LONGA
ALÞJÓÐLEGT
SAMTÍMALISTASAFN

Verið hjartanlega velkomin
á sumarsýningu ARS LONGA,
Í lággróðrinum, sem opnar
laugardaginn 28. júní.
Sýningin stendur til 10. ágúst.
Opnunartímar eru:
þri. - sun. kl. 12 - 17
Lokað á mánudögum

LÍF OG FJÖR Í GÖMLU KIRKJUNNI

Það hefur vonandi ekki farið fram hjá mörgum að síðustu misseri hefur stór hluti íbúa gamla Djúpavogshrepps og meira að segja nokkrir brottfluttir með sterkar taugar, brett upp ermar og tekið til hendinni í gömlu kirkjunni.

Baksagan er í stuttu máli sú að heimastjórn óskaði eftir hugmyndum á meðal íbúa um hvað ætti að gera við gömlu kirkjuna. Það bar lítinn árangur og bókaði heimastjórn í fundargerð vangaveltur um hvort best væri að selja húsið. Þá fór í raun allt af stað, íbúar virtust flestir sammála um að þeir vildu að kirkjan væri áfram í sinni eigu og í framhaldi af því kom upp sú hugmynd að blása nýju lífi í Hollvinasamtökin með það að markmiði að finna kirkjunni hlutverk fyrir samfélagið og eiga samtal við íbúa um málefni kirkjunnar.



Í nóvember 2024 voru haldnir tveir fundir. Einn almennur íbúafundur þar sem öll þau sem vildu hafa eitthvað um málefni kirkjunnar að segja voru boðuð og í kjölfarið aðalfundur Hollvinasamtakanna þar sem ný stjórn var kosin. Hin nýskipaða stjórn fékk svo fund með forsvarsfólki Múlapings og óskaði eftir því að fá að halda vinnudaga þar sem að viljugir íbúar myndu hjálpa til við að koma henni í nothæft ástand. Þ.e.a.s. að klára að einangra og plasta þannig að hægt sé að koma hita í húsið því þá gætu íbúar farið að nýta það að einhverju marki og móta hvers konar hlutverkum það geti þjónað fyrir samfélagið.

Eftir nokkurn fjölda vinnudaga það sem af er ári hefur myndast góður hópur fólks sem lætur sig ekki vanta þegar kallið kemur og þá eru alltaf ný andlit sem bætast við hverju sinni. Það hefur verið svo gaman að taka þátt í þessu að nú er svo komið að flestum finnst alltof langt að bíða á milli vinnudaga. Við höfum verið dugleg að deila myndum á viðburðasíðu Djúpavogshrepps af framgangi mála og fjörinu sem einkennir þessa daga. Við finnum að það er ekki síður þakklæti úti í samfélaginu að fólk geti fylgst með úr fjarlægð enda fjölmargir sem bera sterkar taugar til gömlu kirkjunnar og samfélagsins sem hún þjónaði og mun nú þjóna á ný.

Gantast hefur verið með að við værum löngu búin að klára störfin í kirkjunni ef við værum ekki alltaf að stoppa í kaffi og mat en í sannleika sagt hefur það verið ómissandi hluti af þessum samverustundum okkar í kirkjunni og ómetanlegt að Tryggvabúð hafi staðið okkur til boða. Þá hafa hin ýmsu fyrirtæki og einstaklingar í samfélaginu styrkt okkur með að gefa mat og elda fyrir okkur og við kunnum þeim öllum bestu þakkar fyrir. TAKK!

Á tímum sem þessum þar sem sífellt færri virðast vita hvað það er að tilheyra samfélagi hefur allt í kringum endurbæturnar á kirkjunni sannað að því höfum við sko ekki gleymt. Hér hjálpumst við öll að, tilbúin að leggja hönd á plóg á hvern þann veg sem við kunnum.

Kirkjan er og verður í eign okkar allra svo lengi sem Hollvinasamtökin hafa eitthvað um hana að segja og við hlökkum til að hýsa allskonar viðburði og húllumhæ á vegum íbúa. Og við byrjum á Hammondhátíð!

Að því sögðu hvetjum við ykkur öll til þess að vera dugleg að sækja viðburði Hammondhátíðar - bæði utandagskrár og innan. Svo fjölmennum við öll á aðalfund Hollvinasamtakanna **8. maí** næstkomandi þar sem við ræðum næstu skref.

Gleðilega hátíð!

Stjórn Hollvinasamtaka um gömlu kirkjuna á Djúpavogi

FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - NANNA

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir er tónlistarkona úr Garðinum. Hún byrjaði snemma að semja og koma fram með eigið efni og árið 2010 stofnaði hún ásamt vinum sínum hljómsveitina *Of Monsters and Men*. Undanfarið ár hefur Nanna einblínt á eigið efni, en hún gaf út plötuna *How to start a Garden* í maí 2023 við góðar undirtektir og fylgdi henni eftir með tónleikaferðalagi um Ameríku og Evrópu ásamt fjölda tónleika á Íslandi þar sem ræturnar liggja.

Nanna kemur fram á opnunarkvöldi Hammondhátíðar, sumardaginn fyrsta, ásamt tónlistarkonunum RAKEL og Salóme Katrínu. Þær koma með framúrskarandi hljóðfæraleikara með sér, bassaleikarann Ásu Dýradóttur, trommarann Sólrúnu Mjöll Kjartansdóttur og Tómas Jónsson hammondmeistara. Þær ætla að koma fram bæði í sitthvori lagi og saman, og galdra fyrir tónleikagesti ógleymanlega kvöldstund.

Nafn tónlistarmanns: Nanna Bryndís Hilmarsdóttir

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Undanfarið hef ég mest megnis verið inni í stúdíói að taka upp með hljómsveitinni minni *Of Monsters and Men*. En þar á undan gaf ég út söló plötu árið 2023 sem heitir *How to start a garden* og fylgdi henni eftir með tónleikaferðalagi

Hefur þú komið á Djúpavog áður?

Nei ég held ekki, það hefur þá verið stutt stopp. Hlakka mjög til að koma!

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Ég byrjaði í tónlistarnámi 13 ára gömul og lærði á gítar. Fór svo fljótlega að semja lög og koma fram á Suðurnesjum.

Hvaða plötu eða lögum mælir þú með fyrir hátíðargestir að hlusta á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Ég mun taka einhver lög af plötunni minni *How to start a garden*, en svo tek ég líka einhver ný lög sem ekki eru komin út ennþá. Svo mæli ég líka með því að hluta á allt frá Salóme Katrínu og Rakel, kannski skemmtilegt að skella plötunum þeirra *While we wait* á og EP plötunum *Nothing ever changes* og *Water*.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér og ykkur?

Ég hugsa að fólk geti átt von á einlægu og skemmtilegu kvöldi. Við Salóme Katrín og Rakel höfum verið duglegar að haldið tónleika saman og erum að spila lög okkar með aðstoð frá hvor annarri. Mér finnst alltaf svo skemmtilegt að spila með Rakel og Salóme og held að það skili sér til áhorfenda. Svo erum við með frábæra hljómsveit með okkur á Hammondhátíðinni, en Ása Dýradóttir, Sólrún Mjöll og Tómas Jónsson verða með í för.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Þetta er í fyrsta skipti sem ég fæ að spila með hammondorgeli í lifandi flutning, skemmtilegt! Hver veit nema það verði í uppáhaldi eftir þessa reynslu?

Hvernig finnst þér best að semja tónlist?


Það gerist allskonar. Mér finnst gott að vera með tíma og rími með sjálfri mér þegar ég er að semja, en svo er stundum gott að setja sér einhverskonar áskoranir. t.d. að vinna með hljóðfæri sem ég kann ekki á, eða með tímaramma eða að reyna að semja lag inná kaffihúsi í hausnum á þér út frá því sem þú sérð. Leikgleðin er mikilvæg finnst mér. Oftast kemur lagið og textinn saman í einhverskonar súpu. En yfirleitt þarf textinn aðeins lengri tíma að taka á sig lokamynd. Ég byrja allavega sjaldan á texta fyrst, en ég reyni að setja mér samt fáar reglur þegar það kemur að því að semja lag, allt má! :)

Hvað er framundan hjá þér?

Ég er að leggja lokahönd á plötu með hljómsveitinni minni. Ég mun líklega eiga rólegt sumar en svo taka við útgáfa og tónleikaferðalög.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarkona?

Fjölbreytileikinn og leikgleðin. Að fá að hoppa úr stúdíóinu í að spila á tónleikunum eða af tónleikaferðalagi í að gera tónlistarmyndbönd eða semja með öðrum eða ein með sjálfri mér. Skapa í allri sinni mynd og að spila með fólki fyrir fólk



FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - RAKEL



Rákel Sigurðardóttir er fædd og uppalin á Akureyri. Árið 2015 flutti hún til Reykjavíkur og hélt áfram tónlistarnámi við tónlistarskóla FÍH og útskrifaðist þaðan vorið 2020. Árið 2021 gaf Rákel frá sér sína fyrstu stuttskífu, *Nothing Ever Changes* og ári seinna gaf hún, ásamt tónlistarkonunum Salóme Katrínu og Söru Flindt (DK), út splittskífuna *While We Wait*, en platan hlaut tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins. Um þessar mundir er Rákel að leggja lokahönd á sína fyrstu plötu í fullri lengd.

Rákel kemur með geggjaða hljóðfæraleikara með sér, bassaleikarann Ásu Dýradóttur, trommarann Sólrúnu Mjöll Kjartansdóttur og Tómas Jónsson hammondmeistara. Rákel deilir kvöldinu með Nönnu og Salóme Katrínu og ætla þær að koma fram bæði í sitthvoru lagi og saman, skapa eitthvað ógleymanlegt fyrir hammondhátíðargesti.

Nafn tónlistarmanns: Rákel Sigurðardóttir

Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Ég er búin að vera að vinna í plötu í svolíttinn tíma núna, og hún fer alveg að verða tilbúin.

Hefur þú komið á Djúpvog áður?

Ég hef komið nokkrum sinnum en aldrei stoppað yfir nótt. Ég er mjög spennt að fá að stoppa aðeins lengur. Búlandstindur er alltaf jafnglæsilegur, ætli hann sé ekki það eftirminnilegasta en ég hlakka til að skapa nýjar minningar!

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Ég byrjaði að læra á fiðlu þegar ég var 6 ára við Tónlistarskólann á Akureyri. Ég hef verið að spila opinberlega með allskonar tónlistarfólki í mörg ár en gaf út mína fyrstu EP plötu 2021.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér og ykkur?

Við erum með alveg stórkostlegt band með okkur. Ásu Dýradóttur á bassa, Sólrúnu Mjöll á trommur og Tómas Jónsson á hammond. Ég er svo spennt að deila sviðinu með þeim og stelpunum og ég er nokkuð viss um að það verði gaman hjá okkur. Ég vona bara að áhorfendum muni finnast jafngaman og okkur.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Að sjálfsögðu!

Hvernig finnst þér best að semja tónlist? °

Ég byrja yfirleitt á því að spila á gítarinn, svo kemur laglínan og textinn einhvern veginn fæðist með. En svo er allur gangur á því!

Hvað er framundan hjá þér?

Platan mín kemur vonandi út í haust, svo ég er bara að undirbúa útgáfuna þessa dagana.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarkona?

Að fá að skapa og spila fyrir fólk. Félagsskapurinn er líka mjög dýrmætur, ég er rosalega heppin með samstarfsfólk og vini í tónlistinni.

**DJÚPAVOGSDEILDIN VERÐUR
Á SÍNUM STAÐ Í SUMAR
31. MAÍ**





24. - 27. APRÍL Á DJÚPAVOGI

MIÐASALA

Við minnum á að miðasala á Hammondhátíð 2025 er á hammondhatid.is. Einnig er hægt að kaupa miða beint af okkur, hafið samband við Dóru í 899-6913.



Kaupa miða!

- Aldurstakmark á tónleika fimmtudags, föstudags og laugardags er 18 ár, nema í fylgd með fullorðnum.
- Það er frítt fyrir börn í fylgd með miðaeiganda og 67 ára og eldri á sunnudagstónleikana.

POP-UP Á FAKTORNUM 19. APRÍL!

Við ætlum að vera með pop-up á Faktornum **laugardaginn 19. apríl kl. 16:00**. Þar verður hægt að kaupa miða og varning. Við verðum með peysur, boli, derhúfur, poka og sólgleraugu. Þar verður líka hægt að nálgast armbönd.



Kaldvík

SAMSTEYPUFÉLAGIÐ EHF. - EYFREYJUNES - FRÚ STEFANÍA



JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI



Hvað er jákvæð sálfræði?

Í vetur hef ég verið svo heppin að stunda nám í jákvæðri sálfræði. Sumir grínast í mér að það sé nú gott að ég sé ekki að læra neikvæða sálfræði. Mjög einfaldað mætti svara þessum brandara með því að segja að jákvæð sálfræði sé velsældarfræði. Þessi fræði ganga út á það, að draga fram með hvaða hætti einstaklingar, stofnanir eða samfélög geti blómstrað sem best. Ég finn að ég get hagnýtt mér þetta nám bæði í leik og starfi og sé sterka tengingu við hæglætið sem við höfum haft að leiðarljósi hér í okkar samfélagi.

En hvað er þá svona jákvætt við þessa sálfræði?

Jákvæð sálfræði byggir á rannsóknum sem hefur jákvæða sálfræðinálgun að leiðarljósi. Að mæta verkefnum og áskorunum í lífinu með jákvæðu hugarfari þegar það á við. Því það er ekki þannig að allir eigi alltaf að vera jákvæðir. Sumir

dagur geta verið mjög erfiðir og þeim dögum þarf líka að mæta. Í jákvæðri sálfræðin er lögd áhersla m.a. á að staldra við og veita eigin líðan athygli og þar hafa verið þróuð verkfæri sem hver og einn getur valið að nýta sér til að auka eigin styrk og vellíðan. Stundum er maður reiður eða sorgmæddur, þannig er bara lífið. Þá er mikilvægt að leyfa sér að líða þannig um stund en passa vel að gleyma sér ekki þar. Eftir að hafa gengið í gegnum eitthvað erfitt getur verið hjálplegt að sjá það jákvæða í lífinu og finna öllum tilfinningum uppbyggilegan farveg.

Jákvæð sálfræði sem fræðigrein kemur fram fyrir rétt tæpum þrjátíu árum. Þegar nokkrir sálfræðingar fóru að velta því fyrir sér hvað myndi gerast ef fókusinn yrði settur á það sem gengur vel. Hvað myndi gerast ef farið yrði að rannsaka hvað reynist fólki vel og leiðir til hamingju og lífsánægu? Er hægt að efla jákvætt hugarfar og bjartsýni og hvaða áhrif mynd það hafa á líf, heilsu og hamingju fólks.

Það sem hefur heillað mig mest í þessu námi eru jákvæð inngrip. En það eru æfingar sem hver og einn getur með einföldum hætti tileinkað sér. Þessar æfingar hafa það að markmiði að efla hamingju og velsæld. Þegar við upplifum jákvæðar tilfinningar má segja að við séum að leggja inn í hamingjubankann og líkur okkar á velsæld og hamingju eykst. Hugarfar okkar mótast nefnilega af því hverju við veitum mesta athygli, það vex og dafnar sem við nærum og hlúum vel að. Dæmi um jákvæð inngrip er t.d. að greina þá þætti í daglegu lífi sem hafa veitt manni vellíðan eða hamingju í gegnum tíðina og finna þeim tilfinningum farveg til framtíðar. Sama má segja um að greina eigin styrkleika og vera meðvitaður um hvernig best er að nýta þá. Hreyfing er eitt mest rannsakaða inngripið og rannsóknir sýna að þeir sem stunda reglulega hreyfingu eru jákvæðari og að dagleg hreyfing dregur úr streitueinkennum sem leiðir til bættrar andlegrar heilsu. Hér má líka nefna inngrip eins og að draga fram þakklæti, sýna samkennd í eigin garð og hlúa að félagslegum tengslum. Það inngrip sem ég nota mikið er að skrifa daglega niður þrjá góða hluti sem ég veiti athygli. Þetta geta verið mjög hversdagslegir hlutir s.s. fuglarnir, hreindýrin, veðrið, fjallasýnin og stundum bara gott lag í útvarpinu. Þetta snýst um að grípa þær jákvæðu tilfinningar sem við upplifum, veita þeim athygli og halda í þær. Það gleður mig alltaf þegar flækingskrákan sem hefur haft vetursetu hér í þorpinu velur að dvelja í nokkra daga í minni götu. Fljótt á titið er auðvelt að ruglast og halda að þarna sé hrafn á ferð en stundum er ekki allt sem sýnist og mikilvægt að rýna betur. Ég byrja flesta daga á að kíkja út um glugga og vonast til að sjá hana. Það þarf oft ekki meira til að gleðja en að sjá flækingsfugl eða bara glampandi sól á Snjótindi. Rannsóknir sýna að með því að skrifa daglega hjá sér þrjá góða hluti í eina viku megi draga úr þunglyndi og kvíða. Þeir sem iðka þessa æfingu finna fyrir jákvæðum tilfinningum og dæmi eru um að fólk finni fyrir áhrifunum nokkrum vikum eða jafnvel mánuðum síðar. Þegar ég les heimsfréttirnar þessa dagana er ég þakklát fyrir að hafa jákvæða hluti í mínu lífi eins og flækings kráku, fjallasýn, þrekkímana hennar Gretu og vinalegt viðmót í mínu samfélagi. Mér er oft hugsað til hennar Rúnu ömmu minnar í Grænuhlíð, elsta íbúa okkar hér í gamla Djúpavogshreppi. Amma er ein af þeim sem hefur verið svo lánsöm að hafa haft jákvætt hugarfar í miklu magni í gengum tíðina. Jákvæðni hennar og sýn á lífið hefur haft áhrif á margt af hennar samferðafólki, jákvæðni smitar út frá sér. Ég veit að til þess að ég geti orðið jákvæð gömul kona á klettinum mínum, eins og hún amma mín var alltaf á sínum kletti, þarf ég að eiga góð verkfæri til að grípa til því að í heimi þar sem fréttar- og samfélagsmiðlar dæla út fréttum sem stundum virðast ekki hafa annan tilgang en að kalla fram kvíða, hræðslu og neikvæðar hugsanir, er mikilvægt að staldra við og veita því jákvæða í lífinu athygli.

Ég óska lesendum Bóndavörðunar gleðilegra páska og sé ykkur vonandi öll á Hammondhátíð.

Þessi grein er hluti af námi mínu í jákvæðri sálfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands veturinn 2024 – 2025.

Bestu kveðjur til ykkar,
Obba

FÖSTUDAGUR Á HAMMOND - SÚELLEN

SúEllen er ein lífseigasta hljómsveit Íslandssögunnar en hún var stofnuð árið 1983 í Neskaupstað. Blómaskeið hljómsveitarinnar var frá 1987-1994 en alla tíð síðan hefur hljómsveitin og lög þeirra lifað góðu lífi.

Liðsskipan hljómsveitarinnar hefur verið eins frá 1988 utan þess að hljómborðsleikari sveitarinnar Ingvar Lundberg lést árið 2022 og er hans sárt saknað. Jóhann Ingvason spilar nú á hljómborðið.

SúEllen hefur átt góða spretti í tónleikahaldi og útgáfu á safnplötu og plötu með nýju efni hin seinni ár. Nú í ár er fyrirhugað tónleikahald og útgáfa á nýju lögum.

SúEllen spilar á Hammond hátíð á föstudagskvöldið 25.apríl.

Nafn hljómsveitar: SúEllen

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammond hátíð:

Guðmundur R. Gíslason söngvari, Steinar Gunnarsson bassaleikari, Jóhann Geir Árnason trommari, Bjarni Halldór Kristjánsson gítarleikari og nýjasti meðlimurinn Jóhann Ingvason hljómborðsleikari.

Hvað er að fréttu?

Allt gott að fréttu af okkur. Við höfum nýverið risið upp aftur eins og fuglinn Fönix. Höfum spilað á Græna hattinum og í Bæjarbíói fyrir fullu húsi nú í mars. Einnig höfum við verið að semja og æfa nýtt efni.

Þið hafið nú allir margoft heimsótt Djúpavog áður. Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að ykkar mati?

Svör frá okkur öllum: Hammond hátíðin auðvitað! Hótel Framtíð og Þórir, umhverfi og náttúra, Búlandstindurinn, hræðilega langur Berufjörðurinn, Eggin í Gleðivík er sérlega eftirminnileg og Starmýrarfjörur í nágrenninu eru undursamlegur staður. SúEllen hefur ekki spilað áður á Hammond hátíð en söngvarinn okkar, Guðmundur R, spilaði á hátíðinni 2018.

Hvað gerir Hammond hátíð frábrugðna öðrum hátíðum?

Hátíðin er lítil og krúttleg. Gestir, tónlistarmenn og staðurinn renna í eitt. Ótrúlega orka og vinátta einkenna allt og alla.

Hvað fannst ykkur eftirminnilegast við Hammond hátíðina?

Sem tónlistarmenn elskum við svona mikið návígi við áhorfendur og svo eru skipuleggjendur hátíðarinnar og eigendur hótelsins góðir heim að sækja. Þetta telur allt. Það er alltaf góður andi á hátíðinni og alltaf gott veður líka... Er það ekki?

Hvað hafið þið verið lengi í tónlist?

Það er nú eitthvað aðeins mismunandi en hljómsveitin var stofnuð 1983. Þá voru stofnmeðlimirnir 13 og 14 ára.

Hvaða plötum eða lögum mælið þið með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar?

Safnplatan Ferð án enda frá 2003 er góð. Svo er lagalisti á Spotify-inu okkar sem heitir SúEllen – vinsælustu lögin. Hann er góður fyrir byrjendur en þeir sem eru lengra komnir hlusta auðvitað bara á allan kataloginn.

Hverju mega gestir Hammond hátíðar 2025 eiga von á frá ykkur?

Það er ómögulegt að segja. Við erum mjög mikið í því að grípa augnablikið og gera eitthvað óvænt en... við leikum okkar vinsælustu lög og jafnvel eitthvað nýtt líka. Svo ætlum við að vera besta bandið á hátíðinni. Það er markmiðið.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Já, við elskum hammondorgelið og Ingvar Lundberg heitinn, hljómborðsleikarinn okkar, spilaði á það inn á nokkur okkar laga. Nýi hljómborðsleikarinn okkar Jóhann Ingvason kjarnar þetta svona: „Hammond ER orgelið. Fátt sem toppar það.“

Hvernig finnst ykkur best að semja tónlist? Koma lögin fyrst og texta svo eða öfugt?

Flestir okkar segja lagið fyrst en undanfarið hafa Steinar og Gummi verið að semja lög og texta samtímis svo það er reyndar allur gangur á þessu hjá okkur. Það skiptir ekki öllu hvernig farið er af stað, aðal atriðið er að komast í mark.



Hvernig finnst ykkur best að semja tónlist? Koma lögin fyrst og texta svo eða öfugt?

Flestir okkar segja lagið fyrst en undanfarið hafa Steinar og Gummi verið að semja lög og texta samtímis svo það er reyndar allur gangur á þessu hjá okkur. Það skiptir ekki öllu hvernig farið er af stað, aðal atriðið er að komast í mark.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Eftir Hammondhátíð er stefnt á æfingabúðir til að æfa nýtt efni fyrir upptökur. Við verðum svo að spila á annarri tónlistarhátíð í haust og erum tilbúnir að spila á tónleikum sem okkur finnast spennandi.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Hér koma svör frá öllum en ekki gefið upp hver sagði hvað:

- Sköpunargleðin fær útrás og félagsskapur hljómsveitar meðlima eru ómetanleg auðæfi
- Vindlar, whiskey og villtar meyar
- Að vera tónlistarmaður bætir, hressir og kætir. Það er nærandi og styrkjandi, sérstaklega ef maður hefur hraustlegt og gott útlit.
- Það eru allar grúppíurnar
- Það er auðvitað rosalega skemmtilegt að spila á tónleikum en samt, glamúrin, peningarnir og frægðin, það stendur alveg upp úr sko!



Sumaropnun í Löngubúð

1.maí til 31.maí 10-16.

1.júní til 30.sept. 9-17.


1.okt.til 31.okt. 10-16.

**Gleðilegt sumar
Starfsfólk Frú Stefaníu.**



Dags. Date	Skip Ship	Bryggja Pier	Koma ETA	Brottf. ETD	Farþegar Passengers	Áhöfn Crew
MAÍ						
17 May, 2025	Volendam	Akkeri	08:00	15:00	1432	647
22 May, 2025	Seaventure	Gleiðavík	06:00	15:00	164	94
30 May, 2025	Seaventure	Gleiðavík	06:00	15:00	164	94
30 May, 2025	Viking Neptune	Akkeri	07:00	17:00	930	470
JÚNÍ						
01 Jun, 2025	Le Champlain	Akkeri	07:00	17:00	180	112
01 Jun, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
05 Jun, 2025	Viking Sky	Akkeri	08:00	19:00	930	550
08 Jun, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
09 Jun, 2025	Greg Mortimer	Gleiðavík	07:00	20:00	160	74
15 Jun, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
22 Jun, 2025	Silver Wind	Akkeri	06:30	20:00	302	222
22 Jun, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
23 Jun, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
24 Jun, 2025	World Traveller	Akkeri	07:00	18:00	196	129
29 Jun, 2025	Viking Sky	Akkeri	07:00	17:00	930	550
29 Jun, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
30 Jun, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
JÚLÍ						
01 Jul, 2025	World Traveller	Akkeri	06:00	17:30	196	129
03 Jul, 2025	Seabourn Sojourn	Akkeri	08:00	16:00	450	330
06 Jul, 2025	Silver Wind	Akkeri	06:30	20:00	302	222
06 Jul, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
07 Jul, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
10 Jul, 2025	Ocean Endeavour	Akkeri	06:30	17:00	207	124
13 Jul, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
14 Jul, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
15 Jul, 2025	Viking Neptune	Akkeri	08:00	19:00	930	470
16 Jul, 2025	NG Endurance	Akkeri	07:00	18:00	170	112
18 Jul, 2025	Le Bellot	Akkeri	07:00	17:00	250	140
18 Jul, 2025	Exploris One	Gleiðavík	07:30	20:00	114	130
19 Jul, 2025	Seven Seas Grandeur	Akkeri	08:00	20:00	754	542
20 Jul, 2025	NG Explorer	Akkeri	07:00	18:00	148	70
21 Jul, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
24 Jul, 2025	Volendam	Akkeri	07:00	15:00	1432	647
25 Jul, 2025	NG Endurance	Akkeri	07:00	18:00	170	112
26 Jul, 2025	Exploris One	Gleiðavík	07:30	20:00	114	130
27 Jul, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
28 Jul, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
30 Jul, 2025	Seven Seas Mariner	Akkeri	07:00	16:00	700	445

SKIPAKOMUR - DJÚPIVOGUR 2025



Múlaping minnir á heimasíðu hafnanna www.portsofmulathing.is hvar hægt er að fá frekari upplýsingar.

Dagatalið á heimasíðunni sýnir alltaf réttar upplýsingar ef einhverjar breytingar eiga sér stað frá því að dagatalið kemur út í Bóndavörðunni.

Þar er líka hægt að sjá bókanir fram í tímann sem er mjög gagnlegt fyrir þá sem eru að skipuleggja þjónustu við skipin.



SCAN ME

ÁGÚST						
03 Aug, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
04 Aug, 2025	World Explorer	Gleiðavík	07:30	17:30	176	125
04 Aug, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
06 Aug, 2025	MS Sirena	Akkeri	07:00	17:00	826	373
07 Aug, 2025	Silver Wind	Akkeri	06:30	20:00	302	222
08 Aug, 2025	Viking Neptune	Akkeri	07:00	17:00	930	470
10 Aug, 2025	NG Explorer	Gleiðavík	07:00	18:00	148	70
11 Aug, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
11 Aug, 2025	Zuiderdam	Akkeri	08:00	15:00	2.272	842
14 Aug, 2025	Nieuw Stadendam	Akkeri	08:00	17:00	2.650	929
18 Aug, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
21 Aug, 2025	Silver Wind	Akkeri	06:30	20:00	302	222
22 Aug, 2025	Viking Mars	Akkeri	08:00	19:00	930	465
27 Aug, 2025	MS Insignia	Akkeri	07:00	18:00	684	386
31 Aug, 2025	World Voyager	Gleiðavík	09:00	18:00	200	125
SEPTEMBER						
04 Sep, 2025	Silver Wind	Akkeri	06:30	20:00	302	222
06 Sep, 2025	World Explorer	Gleiðavík	07:30	17:00	176	125
08 Sep, 2025	Norwegian Star	Akkeri	08:00	17:00	2.348	1.031
15 Sep, 2025	Ocean Albatros	Gleiðavík	07:00	19:00	186	102
24 Sep, 2025	Norwegian Star	Akkeri	09:00	17:00	2.348	1.031

KONAN Á BAKVIÐ POKANA

6. maí 2019 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær kváðu meðal annars á um að óheimilt yrði að afhenda plastburðarpoka í verslunum frá 1. janúar 2021. Breytingar urðu á Íslandi öllu og smátt og smátt hurfu plastpokarnir úr augnsýn. Gamli Djúpavogshreppur var sannarlega með puttann á púlsinum og með Cittaslow að leiðarljósi var hrint af stað Pokastöðin í byrjun árs 2019. Þá hittist hópur sjálfboðaliða á mánudagskvöldum einu sinni í mánuði og saumaði poka úr afgangum sem íbúar tíndu til og gáfu til verkefnisins. Þetta kom fleirum í þorpinu af stað, sem sóttu ekki endilega mánudagskvöldin en fóru að sauma poka í sama tilgangi.

Í 18. árgangi Bóndavörðunnar, Hammondblaðinu 2019, er einmitt grein um pokaverkefnið á Djúpavogi (nota bene áður en Alþingi samþykkti breytingar á áðurnefndum lögum). Þar var íbúum kynnt hugmyndafræðin, fólk hvatt til að nýta efnisafganga í verkefnið og greint frá því að „pokastöðin á Djúpavogi [hafi] sett sér markmið að útrýma einnota plastpokum úr verslunum í Djúpavogshreppi. Starfið [væri] á byrjunarstigi en þegar á [liði mættu] Djúpavogsbúar og gestir eiga von á því að sjá nýsaumaða poka í Kjörbúðinni“.

Nú, 6 árum síðar, eru mánaðarlegu hittingarnir á mánudögum löngu hættir. En alltaf eru glænýir, gullfallegir, nýsaumaðir pokar í búðinni okkar.

Hver saumar þá? Hvaðan koma þeir? Hver sér um þá?

Bóndavarðan fór á stúfana og greip fljótlega góða konu glóðvolga í búðinni með fangið fullt af spengilegum pokum að fylla á pokasnagana.

Konan heitir Jónína Guðmundsdóttir og ritstjóri Bóndavörðunnar bauð sér í kaffi til hennar á dögnum.

Hefur aldrei keypt efni í poka

Jónína segist lengi hafa saumað sína eigin poka. En um það leyti sem Pokastöðin hófst í Tryggvabúð þá fór hún á fullt að sauma og setja í búðina.

„Ég átti efni svona ýmislegt sem ég tímdi aldrei að henda. Þá byrjaði ég að sauma poka og fara með niður eftir í búðina“. Svo fór að berast Jónínu efni frá hinum og þessum konum sem vissu að hún væri að sauma. „Ég hef aldrei keypt efni og pokarnir allir afgangar sem eru endurnýttir. Ýmist rúmföt, mikið af gluggatjöldum, sængurver og koddaver“. Aðspurð hvaða efni séu best til pokagerðar segir Jónína það vera þykku gluggatjaldaefnin og vaxdúka. „Nína hefur saumað mikið líka. Hún saumaði helling úr skjóltjöldum sem gerði svona fína poka. En þeir hafa ekki skilað sér mikið aftur. Þeir hljóta að vera svona svakalega góðir“. Vinkona Jónínu á Egilsstöðum, Ásta Sígurðardóttir, hefur fært Jónínu langmest af efnum. „Án hennar væru fáir pokar komnir frá mér“ segir Jónína þakklát. Ásta var sjálf að sauma poka og átti lager af efnum. Hún bað fólk að henda alls ekki efni, heldur koma með það til hennar. Hún lagði síðan pokasaumaskapinn á hilluna. Ásta færði þá Jónínu efnin sem gerir úr þeim pokana í búðinni á Djúpavogi.

Ótal pokar í umferð

En hvað heldur Jónína að þetta séu orðnir margir pokar sem hún hefur nú saumað og leyft okkur hinum að njóta? „Ég taldi þá núna nýlega. Ég er reyndar búin að sauma slatta síðan, og þá voru þetta orðin 1350 stykki“.

En það eru aðeins þeir sem hafa komið beint frá Jónínu og ítrekar hún að fleiri en hún saumi í frístundum og þeir pokar séu ekki inni í þessari tölu.

Jónína notar ekki snið. Nýtir bara efnin eins og hún getur og hefur stærð pokanna eftir því. Engir þeirra eru því nákvæmlega eins og handföngin mislöng. En þeir eru, eins og Bóndavarðan myndi segja, fullkomlega ófullkomnir.

Keypti fyrstu saumavélina 16 ára

Megintilganginn með þessu öllu saman segir Jónína vera margþættan. Að losna við plastið sé einn. Hringrásin sé annar. „Það er óþarfi að henda því sem hægt er að nýta. Og ef eitthvað er Cittaslow, þá er það þetta“. Jónína segir pokana einnig vera hennar framlag til samfélagsins. Hún segir það ekki skipta máli hvaðan pokarnir komi en aðalmálið að þeir séu notaðir. „Alveg eins og mamma mín gerði og endurnýtti plastpokana.“



Jónína með nokkra poka



Sumavélarnar



Pokarnir í Kjörbúðinni

Þeir voru þrífir og hengdir út á snúru og svo aftur fylltir af fiski og geymdir í frystikistunni“ rifjar Jónína upp. „Mamma saumaði allt, engu var hent og helst allt endurnýtt. Þetta man maður ósköp vel“.

Jónína var 16 ára þegar hún keypti sína fyrstu saumavél. „Og nú var hún að klárast, ég var að leggja henni. Hún er búin núna eftir góða nýtingu, orðin fimmtug“ segir Jónína og sýnir glæsilegu Singer vélina sem áorkaði m.a. þessum tæplega 1400 pokum sem Jónína hefur saumað og farið með í búðina og íbúar nota í sínu daglega lífi.

Sárt þegar fólk hendir pokunum

Gott er að hafa í huga að á bakvið hvern poka liggur vinna, tími og hugsjón sem Jónína og fleiri hafa gefið okkur hinum. Því segir hún sárast þegar hún heyrir af og sér að fólk hendi pokunum í ruslið. Eða setji í rauðakrossgáminn eins og hvern annan ruslapoka. Augljóst sé að hegðunarmynstrið þurfi að breytast með útrýmingu plastpokanna. Neytendur verði að fara með poka með nýjum hætti. „Pokarnir eru gerðir til að nota þá og skila aftur fyrir önnur að nota á sama hátt“. Jónína hvetur fólk til að þvo pokana ef þarf, og vera alveg óhrædd við það. „Það er enginn sem sér sérstaklega um að þvo þessa poka og það er tilvalið að skella þeim í þvottinn ef fólk sér að þörf er á því. Þannig hjálpumst við öll að við þetta. Það er tilvalið að þvo þá á 30° eða 40° eins og almennan þvott“.

Þykir vænt um að sjá fólk nýta pokana í sínum hversdegi

Pokana segir Jónína lífseiga og hefur hún átt sína í mörg ár. Hún hvetur íbúa til að nota pokana og segist fá gott í hjartað að sjá krakkana ganga um bæinn með poka frá henni, „mér þykir mjög vænt um það“. Pokarnir eru gerðir til að nota þá og þykir Jónínu gott að sjá fólk nýta þá í sínu daglega lífi. „Endilega geymum þá frekar í búðinni en heima og reynum að halda því þannig að þar verði aldrei pokalaust“, segir Jónína og fagnar því að við hjálpumst að með því að minna hvert annað á.

Aðspurð segist Jónína eiga nóg af efni og hana vanti ekki meira. Hún hvetur fólk til að vera ófeimið að prófa sig áfram og sauma poka úr því sem fellur til. „Það geta allir saumað!“ Saumaskapurinn gefur Jónínu gleði og segir hún hann fína dægradvöl. „Ég get alveg gleymt mér yfir saumavélinni og ég held að saumaskapurinn sé góður til að róa hugann. Mér finnst gaman að sjá flott efni og hlakka til að sjá pokana myndast og hvernig þeir koma út“.

Bóndavarðan þakkar Jónínu fyrir framlag sitt til samfélagsins sem réttar mætti kalla góðverk.

Berum virðingu fyrir pokunum og nota þá!

PÁSKAFJÖR

Í ODDSKARÐI OG STAFDAL

Páskapassinn

Gildir fimmtudag til mánudags 17.4-21.4
 Fullorðnir 16.900 kr.
 Börn (11-17 ára) 5.600 kr
 Fjölskyldupassi (2 fullorðni+börn þeirra) 40.000 kr
 Fjölskyldupassi einstaklings (1 fullorðinn + börn) 20.000 kr

Páskavikupassi

Gildir mánudag til mánudags 14.4.-21.4.
 Fullorðnir: 18.900 kr.
 Börn (11-17 ára): 6.300 kr.

Kortin innfela einnig
 aðgang í sundlaugar
 Fjarðarbyggðar og
 Múlaþings yfir sama
 tímabil

LAUGARDAGUR Á HAMMOND - JÓNAS SIG

Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar koma fram á laugardagskvöldinu 26. apríl á Hammondhátíð 2025. Hafi verið kominn tími á eitthvað í heimi Hammondhátíðar, þá er það að fá Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar aftur til okkar.

Þessi ótrúlega mulningsvél orku og stemmningar kom síðast fram á Hammondhátíð árið 2015 og við teljum að æskilegt sé að láta ekki líða meira en 10 ár á milli þess að bjóða gestum hátíðarinnar upp á þessa dæmalausu snilld.

Jónas og Ritvélarnar hafa verið að koma fram uppá síðkastið eftir nokkurra ára pásu og það er ekki ofsögum sagt að þeim hafi verið vel tekið, í kjaftfullum tónleikasölum hvar sem þau koma.

Það verður enginn svikinn sem mætir á tónleika með Jónasi og Ritvélunum. Einhvern tímann líktum við tónleikum þeirra við trúarlega upplifun. Við getum allavega lofað því að þið komið út af tónleikunum sem betri manneskjur. Við erum jafnvel til í að fullyrða að það sé vísindalega sannað!

Nafn hljómsveitar/tónlistarmanns: Jónas Sigurðsson

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með þér:

Ómar Guðjónsson gítar, Arnar Gíslason trommur, Guðni Finnsson bassa, Tómas Jónsson orgvélur, synthar og HAMMOND, Rósa Guðrún Sveinsdóttir baritonsax og söngur, Steinar Sigðurðarson Sax, Snorri Sigðurðarson Sax

Hvað er að fréttu? Ef það væri mikið betra væri það verra.

Hefur þú komið á Djúpavog áður?

Já, aldeils. Óteljandi sinnum. Elska að keyra hérna inn í þennan fallega bæ og magnaða bæjarstæði.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að þínu mati?

Fegurðin sem er allt umlykjandi, friðsemdin, fólkið er gott, Búlandstindur er fallegur, Hótel Framtíð er snilld. Höfnin með smábátunum. Lyktin af hafinu. Spegilsléttur Berufjörður. Hvað er ekki að elska?

Hvaða Hammondhátíðum hefur þú tekið þátt í?

Vá, ég man hreinlega ekki nákvæmlega. Held að þetta verði fjórða hátíðin. Ég spilað með Dröngum á Hammond, svo með Ritvélunum og svo Milda hjartað bandið sem ég var með samhliða þeirri plötu. Allt geggjaðar upplifanir og mikil stemming.

Hvað gerir Hammondhátíð frábregna öðrum hátíðum?

Það er menningin og stemmingin. Ég er náttúrulega ekki hlutlaus því ég þekki svo marga fyrir austan og tengist svo mörgu fallegu og vönduðu fólki hérna á svæðinu og hef alltaf haft sterka tengingu við Djúpavog síðan ég var í ME og síðar þegar við Ummy stofnuðum Sólstrandargæjana því Ummy er auðvitað frá Djúpavogi. Þannig hef ég alltaf haft sérstaklega gaman að því að koma fram og taka þátt í Hammondhátíðinni.

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Alveg ferlega lengi. 30+ ár.

Hvaða plötur eða lög mælir þú með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar?

Ég myndi hlusta á smáskífunar sem við gerðum þegar Ritvélarnar voru á fullu blasti; *Af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá, Vigin falla.* Svo auðvitað taka *Hafið er svart* og *Milda hjarta* plötuna. Þá ertu kominn á góða tíðni til að tengjast okkur.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér/ykkur?

Miklum krafti og gleði. Þessi hópur á svo mikla sögu; við höfum spilað svo lengi saman en svo höfum við hvílt þetta band núna í nokkur ár og þá er svo mikil gleði í hópnum að koma saman aftur og láta vaða og njóta þess að spila saman. Þannig að ég held að það verði mikil orka og spilagleði enda hlakkar okkur öllum mikið til að koma og kyla á þetta.



Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Gott hammondorgel þanið af stórkostlegum listamanni eins og Tómasi Jónssyni er alveg einstakt dæmi. Það er bara ekkert líkt því í alheiminum. Nema kannski mökunarsöngur hvala.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist?

Þetta er bara vinna. 10% innblástur og 90% úrvinnsla. Fyrsta koma einhver riff eða hugmynd. Svo fæðist grindin og á sama tíma textinn. Ég er lengi að pússa hvert lag saman og yfirleitt sem ég á gítar eða við píanó.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Þetta er stór hópur sem er á kafi í margskonar verkefnum og fullt að gera hjá öllum. Ég er með spennandi, risastórt verkefni í Hveragerði núna með fjölskyldunni minni þar sem við erum að gera upp gamalt gróðurhús og verslun. Svo er tónlist að banka sem mig langar að hljóðrita. Hugmyndir sem mig langar að tala um. Trommur sem mig langar að berja á. Vinir sem ég hef ekki heyrt í lengi. Staðir sem ég hef ekki heimsótt. Sólahringurinn dugar varla en þetta er allt að mjakast. Eitt skref í einu.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það er bara svo mikil gæfa. Þetta er ekki eins og eitthvað starf sem maður tekur sér fyrir hendur. Þetta er meira eins og óskilgreindur hluti af manni. Hluti af lífinu. Hluti af lífsleiðinni manns og örlögunum. Það er eiginlega ekki eins og maður hafi val. Ég hef reynt að sinna því ekki að skapa en þá verð ég alltaf þunglyndur og ómögulegur. Þegar ég hinsvegar sinni því þá opnast ótrúleg tækifæri og ég fæ að upplifa allskonar magnaða hluti. En það sem stendur uppúr þegar árin líða er tengingin við allt fólkið. Allar þessar djúpu tengingar, ekki endilega að maður sé orðin vinur allra, en það er bara svo margt fólk sem hefur upplifað eitthvað í gegnum tónlistina mína og ég hef upplifað með þeim eitthvað, einhverja tónleika sem voru geggjafir og við flugum öll saman út í nóttina; á vængjum ástarinnar. Þetta er bara spiritualískt dæmi. Stórkostlegt, rétt eins og lífið.

DJÚPAVOGSDEILDIN

2025

**SKRÁNINGARHLEKKUR VERÐUR
AUGLÝSTUR Á FB SÍÐU
DEILDARINNAR**

31. maí

**TAKIÐ DAGINN
FRÁ OG PÚSSIÐ
SKÓNA**

**HRAÐMÓT EINS OG Í FYRRA
EINN DAGUR
SAMA SNILLDIN**

**4000KR. MIÐINN
INNIFALIÐ ÞÁTTTÖKUGJALD Í
MÓTINU OG LOKAHÓF!**

NEISTI

TAKK KVENFÉLAGIÐ VAKA!

Fyrir rétt rúmu ári síðan greindist Margrét Þórunnborg okkar með flogaveiki eða ráðvilluflog. Þegar hún fær ráðvilluflog er eins og hún verði fjarlæg, hættir að svara og starir tómum augum út í loftið. Það er ómögulegt að ná sambandi við hana og hún bregst ekki við neinu. Stundum fiktur hún í fötunum sínum, smjattar aðeins eða kippist til í handlegg/fótlegg. Þessi köst standa misjafnlega langt yfir en eftir þau verður hún oft afskaplega þreytt en jafnar sig svo og heldur áfram í leik. Þessi köst eru ekki hættuleg að öðru leyti en því að hún fari sér að voða og því mikilvægt að fylgjast vel með henni og vera hjá henni ef hún fær kast. Einn af fylgifiskum flogaveikinnar, eða lyfjagjafarinnar sem fylgir, er jafnvægisleysi sem hefur háð henni í daglegu lífi og er hún í sjúkraþjálfun til að styrkja jafnvægið. Það fylgir því allskonar auka kostnaður að eiga langveikt barn þó veikindin séu ekki sýnileg og flogin sem betur fer á undanhaldi.

Á milli jóla og nýárs mættu tveir fulltrúar frá Kvenfélaginu Vöku heim í Dalsmynni og færðu Margréti peningagjöf sem gerði það að verkum að foreldrarir fengu smá kusk í augun af þakklæti yfir því að búa í svona fallegu samfélagi sem styður við bakið á fjölskyldum þegar á reynir. Eftir smá umhugsun, um hvernig þessi peningagjöf gæti nýst Margréti okkar best einmitt núna í því sem hún er að kljást við, ákváðum við að kaupa jafnvægisbraut. Við hugsuðum sem svo að skemmtilegast væri fyrir hana að æfa sig í góðra vina hópi og því upplagt að einfaldlega gefa leikskólanum brautina svo fleiri börn geti æft jafnvægið og eftir hreyfiproska sinn. Það var því líf og fjör þegar risastór kassi birtist hjá Eimskip (takk Eimskip/Snæbjörn fyrir flutninginn!) og uppúr honum kom mun stærri jafnvægisbraut en foreldrar og leikskólastjóri reiknuðu með (rýmisgreindin sko)! En nemendur leikskólans njóta þess svo sannarlega að feta brautina sem er nokkuð erfið, en mörg börn þurfa að æfa jafnvægið svo gjöfin kemur sér mjög vel að sögn leikskólans.

Við foreldrarir þökkum Kvenfélagskonum af öllu hjarta fyrir að hugsa til okkar og leikskólinn Bjarkatún þakkar þessa góðu gjöf sem nýtist börnunum vel.

Hanna og Ingi



Margrét Þórunnborg



Margrét og vinir í jafnvægisbrautinni



Djúpavogsdeildin heldur

Brennómót

FRÍTT

6 MANNA LIÐ KEPPA

HAMMONDHÁTÍÐAR

MÓTIÐ ER OPIÐ ÖLLUM 12 ÁRA OG ELÐRI.

SKRÁNINGARFRESTUR 22 APRÍL

SKRÁ MEÐ INNLEGGI Á FACEBOOK VIÐBURÐI

SKRÁNING
HÉR!



KL.11



SUMARDAGINN FYRSTA
24. APRÍL
ÍÞRÓTTAMIÐSTOÐ DJÚPAVOGS

FRÁ DJÚPAVOGSKIRKJU

Páskahugvekja

Á dögunum sá ég tjald. Það var reyndar ekki ferðamannatjald, heldur fuglinn tjaldur (*Haematopus ostralegus*). Sú sjón minnti mig á að vorið er að koma. Kannski fór þessi fugl aldrei af landinu í haust enda veturinn verið óvenju mildur. Það er alltaf söknuður þegar farfuglarnir halda burt í lok sumars. Þá veit maður að veturinn er að koma og vetrinum fylgir þessa mikla óvissa. Veturinn hefur svo mikil áhrif á allt. Atvinnu og ferðalög, að ekki sé minnst á sálarlífið okkar sem verður þyngra á dimmu dögunum og þegar óveður og ófærð gera lífið leitt. Þess vegna reyna svo mörg okkar að ná sér í sól og hlýju með því að halda til sólarlanda líkt og farfuglarnir. Það bætir margt. Hátíð jólanna er ljós á miðjum vetri. En nú kemur ekki minni hátíð. Páskarnir, hátíð vorsins, er stóratburður ár hvert. Þá sigraði lífið dauðann. Jesús dó og lifnaði aftur til eilíðarinnar. Páskarnir eru tími fjölskyldunnar. Þá hittast allir sem það geta. Fagna því að vera saman.



Tjaldurinn, eins og páskarnir, minnir á vorið. Í mörg ár verptu tjaldahjón á þaki húss foreldra minna. Það var fjörugrjót á þakinu og líklega hefur það lokkað parið á þann slæma hreiðurstað. Því árum saman hlutu ungarnir sömu örlög. Þeir féllu af háu þakinu og mörðust til bana. Þetta var ólýsanlegur harmur hvert vor. Það var gleði og fjör á þakinu fyrstu vikurnar en svo kom að því að ungarnir áttu að yfirgefa hreiðrið. Þá fór illa. Foreldrarnir hvöttu þá til að stökkva af þakinu og það gekk mikið á. Aðeins einu sinni á mörgum árum tókst ungum að komast út í heiminn. Það má kallast mikil þrjóska hjá þessum foreldrum að verpa á sama stað árum saman. Ég hugsa oft um þessa þrautseigju eða beinlínis þrjóska að velja sér vonlaust hreiður. Margt fólk er haldið sömu þrjóska. Það berst áfram í aðstæðum sem eru um flest vonlausar. Það er mikilvægt fyrir okkur að geta greint stöðu okkar og líf og á þeim grunni ákveðið að breyta því sem við ráðum við. Við lærum af mistökum en endurtökum þau ekki.

Páskaegginn eru orðin tákn páskahátíðarinnar. Þau minna á lífið sem vaknar. Væntingarnar eru bundnar við gula páska ungann sem er að hefja vegferðina. Þessi ungi minnir okkur á vonina um eitthvað betra. Betri líðan, betri heilsu, meiri gleði eða meiri hamingju. Já, allt það sem kann að bæta líf okkar. Jesús Kristur er sá sem vill ganga með okkur og leiða gegnum lífið. Hjá honum er að finna vonina og líka þá traustu samfylgd sem við þurfum. Það er gott að leita til hans í bæn. Spyrja hann ráða og treysta á handleiðslu hans.

Páskar eru tími ferminga. Hér á Djúpavogi játast fermingarbörn Jesú og við fögnum þeim og fjölskyldum þeirra.

Megi Guð blessa þau og vaka yfir.

Gleðilega páska!

Sr. Arnaldur A. Bárðarson



Helgihald um páska í Djúpavogskirkju

17. apríl - skírdagur fermingarmessa kl. 11:00

18. apríl - föstudagurinn langi. Helgistund, tignun krossins kl. 14:00

20. apríl, páskadagur, messa kl. 9:00 að morgni. Léttur morgunverður í safnaðarsal.



Miðlar Múlapings

Fylgstu með því sem er efst á baugi í sveitarfélaginu

Á heimasíðu Múlapings geturðu:

- Fylgst með fréttum
- Sent inn viðburði og séð hvaða viðburðir eru framundan
- Sent inn ábendingar
- Skráð þig inn á Mínar síður
- Skoðað kjarnasíður
- ...og margt fleira!



mulathing.is



Á Facebooksíðu Múlapings geturðu:

- Fylgst með fréttum
- Séð hvaða viðburðir eru framundan
- Séð fréttir og viðburði sem snerta sveitarfélagið
- ...og margt fleira!



facebook.com/mulathing

LOKAKEPPNI STÓRU UPPLÉSTRARKEPPNINNAR Á DJÚPAVOGI 2025



Sigurveggarar í Stóru Uppléstrarkeppninni

Lokakeppni Stóru uppléstrarkeppninnar var haldin á Djúpavogi, í Djúpavogskirkju, þann 1. apríl. Þangað mættu nemendur úr 7. bekk frá Djúpavogi og Hornafirði og héldu sína árlegu uppskeruhátíð í upplestri og framsögn.

Í ár mættu til leiks 5 lestrarhestar frá Djúpavogsskóla og 8 frá Grunnskóla Hornafjarðar. Lestrarumferðir voru þrjár; texti úr bókinni *Draumurinn* eftir Hjalta Halldórsson, ljóð eftir ýmis ljóðskáld og ljóð að eigin vali. Dómnefnd var skipuð þeim Berglind Einarsdóttur, formanni dómnefndar, Gretu Mjöll Samúelsdóttur, frumkvöðli og Karen Hjartardóttur, presti á Hornafirði. Fyrir dómnefnd lág það vandasama og erfiða verkefni að velja besta lestur dagsins. Lesarar stóðu sig frábærlega vel og þar náði glæsilegum árangri okkar maður, Elías Galdur og landaði 3. sæti. Þau sem hlutu að þessu sinni fyrstu þrjú sætin voru:

1. sæti: Guðbjörg Lilja Jóhannsdóttir, Grunnskóli Hornafjarðar
2. sæti: Anna Herdís Sigurjónsdóttir, Grunnskóli Hornafjarðar
3. sæti: Elías Galdur Birgisson, Djúpavogsskóli

Í dómarahléi buðu foreldrar nemenda Djúpavogsskóla upp á svignandi veisluborð og var boðið upp á tónlistaratriði frá nemendum Tónlistarskóla A-Skaft meðan beðið var úrslita.

Stóra uppléstrarkeppnin hefst ár hvert 16. nóvember, á Degi íslenskrar tungu og fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, og lýkur á vormánuðum.

Það er lærdómsríkt, góð reynsla og gaman að hitta jafnaldra og takast saman á við uppbyggileg verkefni sem þetta, og allir nemendur náðu sínu aðalmarkmiði, að efla lestur, framsögu og túlkun.

Um Stóru Uppléstrarkeppnina

Stóra uppléstrarkeppnin er haldin árlega fyrir nemendur í 7. bekk og er víða orðinn fastur liður í skólastarfi hvers skóla.

Það eru Raddir – Samtök um vandaðan upplestur og framsögn, sem standa að og stofnuðu til keppninnar, auk þess að standa fyrir Litlu uppléstrarkeppninni fyrir 4. bekk. Í upphafi hvers skólaárs taka kennarar/skólar ákvörðun um að taka þátt. Umsjón og rekstur með verkefninu er á vegum sveitarfélaganna frá og með 2021, en samtökin Raddir veita ráðgjöf og stuðning og halda úti heimasíðu verkefnisins, www.upplestur.is.

Stóra Uppléstrarkeppnin fyrir 7. bekk hófst 1996 í Hafnarfirði og á Álftanesi, en þátttaka jókst fljótt og vel með þátttöku skóla um allt land. Keppnin skiptist í tvo hluta, *ræktunarhluta*, sem er í raun og veru aðalmarkmið verkefnisins, þar sem æfingin fer fram og lögð er sérstök rækt við vandaðan upplestur og framsögn. Hinn hlutinn kallast *hátíðarhlutinn / keppnishlutinn*, sem er annars vegar uppléstrarkeppni 7. bekkjar innan skólans, þar sem valdir eru þeir fulltrúar sem fara, og hins vegar í lokakeppnina sem er þá uppskeruhátíð í héraði með öðrum skólum.



**LEIKSKÓLINN
BJARKATÚN
AUGLÝSIR
EFTIR
KAFFISTOFU**

RANGUR MAÐUR 30 ÁRA AFMÆLI

Eilífðarslagarinn *Rangur maður* hefur lifað góðu lífi og er eitt þeirra laga sem virðist aldrei ætla að fölna. Lagið var gefið út af Sólstrandargæjunum sem skutust óvænt upp á stjörnuhimininn sumarið 1995. Lagið var samið af vinunum Jónasi Sigurðssyni frá Þorlákshöfn og Unnsteini Guðjónssyni frá Djúpavogi. Sagan segir að lagið hafi verið frumflutt opinberlega á Hótel Framtíð fyrir nákvæmlega 30 árum síðan. Bóndavarðan náði tali af tónlistarmönnum, vinunum, sjálfum Sólstrandargæjunum, og rifjaði upp tildrög lagsins og 30 ára velgengni þess.

„Ég er eiginlega ekki búinn að ná þessu ennþá“

Unnsteinn lýsir því þegar Jónas kom í Menntaskólann á Egilsstöðum, veturinn 1992, sem ást við fyrstu sín. Eða þá allavega perluvináttu. „Við vorum algerlega óaðskiljanlegir frá og með þeirri stundu og vorum farnir að semja saman lög frá þeim sama degi“. Jónas tekur undir þetta og minnst þess að þeir félagarnir spiluðu mikið brjáláð rokk og mótmælasöngva. Mikið var um partýstand og gleði og þeir tóku upp á því að semja allskyns lög til að spila í partýjum á Egilsstöðum. „Við vorum fyrst og fremst að gera paródíur og reyna að hafa allt sem ruglaðast til að stuða og hafa gaman. Aldrei hefði mig grunað þá að þessi músík ætti eftir að enda á plötu, verða ótrúlega vinsæl og sum lögin lifa í 30 ár með þjóðinni. Ég er eiginlega ekki búinn að ná þessu ennþá“ segir Jónas. Þeir kölluðu sig Sólstrandargæjana „svona í höfuðið á Baywatch þáttunum sem allir alvöru töffarar elskuðu að hata“ rifjar Jónas upp.

Vöknuðu í ókunnugu hjónarúmi í óþekktu húsi

Aðspurðir hvernig lagið *Rangur maður* varð til segir Unnsteinn það mjög eftirminnilegt. Eftir týpíska menntaskólagleði kvöldið áður vöknuðu þeir félagarnir hlið við hlið í ókunnugu hjónarúmi í óþekktu húsi. „Við litum á hvorn annan og höfðum ekki hugmynd um hvar við vorum staddir og fyrstu orðaskipti okkar þann morguninn voru að við værum ekki aðeins tímaskekkja eða rangir menn á röngum tíma heldur værum við einnig í vitlausu húsi. Þannig að nú væri nóg komið“. Íbúðin sem þeir vöknuðu í reyndist vera í Útgarði, blokkinni hliðina á heimavist ME. Því næst lufsuðust þeir niður í mötuneyti ME, fengu sér morgunmat, fóru beint upp á herbergi, gripu kassagítarinn og lagið varð tilbúið nokkrum mínútum seinna.



Hugmyndin einungis að selja vinum og vandamönnum fyrir austan eintök

Eftir veturinn sem Jónas var í ME lýsir Unnsteinn því að hafa trúbað mikið á skólaskemmtunum og þeir Jónas alltaf haldið sambandi. Það var þó ekki fyrr en hann var beðinn um óskalög af lagalista þeirra félaga og allir sungu með hverju lagi að hann áttaði sig á vinsældunum. „Ég man að ég hringdi í Jónas og sagði að við ættum að fara í stúdíó og taka þetta upp af því að það væri eitthvað við þetta rugl okkar sem greinilega lifði með menntaskóla krökkunum“ segir Unnsteinn. „Jónas var strax þarna orðinn rosalega góður í að útsetja og vinna með tónlist í tölvu svo hann setti upp öll lögin okkar í tölvunni hjá sér og haustið eftir fórum við í stúdíó og tókum upp plötuna“. Jónas rifjar upp að platan hafi verið gerð í 500 eintökum og hugmyndin einungis að selja vinum og vandamönnum fyrir austan eintök. „En það gerðist strax eitthvað mjög skrítið. Einhver vinur fékk að taka lögin upp á kasettu áður en platan kom út. Sú kasetta endaði með útskriftarnemendum á Benidorm og varð algjört hitt.“ Geisladiskurinn kom til landsins í apríl – maí 1995 og þá fóru þeir, eins og sannir sveitamenn frá Þorlákshöfn og Djúpavogi, rakteitt upp í Efstaleiti og sögðu við konuna í afgreiðslunni að þeir væru að gefa út plötu og vildu láta Rás 2 fá eintak. „Enn til þessa dags held ég að þessi blessaða kona hafi misskilið okkur og haldið að við værum bókaðir í eitthvað vital en hún gaf okkur leiðbeiningar um hvert við áttum að fara. Svo við löbbuðum inn í þetta ríkisútvarps virki og enduðum inn í stúdíói hjá Snorra nokkrum Sturlusyni þar sem hann var í beinni útsendingu að tala um málefni dagsins“ rifjar Unnsteinn upp. Þeir gengu beint inn í útsendingu hjá Snorra sem bauð þeim sæti og þeir réttu honum geisladiskinn. Snorri spurði hvaða lag hann ætti að spila og þeir út í bláinn sögðu „Rangur maður!“. Lagið var spilað í fyrra skiptið þann daginn en á leið heim til Hveragerðis þennan sama dag kom lagið aftur í útvarpinu þar sem þeir voru að renna upp Hellisheiðina. „Það augnablik var 100 sinnum stærra en okkur hefði nokkurn tímann dreymt um en framundan var rússbanaferðalag sem breytti lífi okkar beggja“ segir Unnsteinn.

Jónas lýsir því að allt þetta hafi gerst hratt. „Við Ummi misstum aðeins fótana eiginlega bara hvað við ættum að gera við þetta allt saman og hvernig við ættum að höndla þetta að vera allt í einu starfandi carreeer tónlistarmenn í Sólstrandargæjunum, menntaskólaruglinu okkar“. Hljómsveitin starfaði í rétt tvö ár og gaf út þrjár plötur. Þeir hættu eftir það og spiluðu eina endurkomutónleika á Þjóðhátíð um aldamótin. Það hefur ekki stoppað lögin frá því að lifa og nýjar kynslóðir læra Rangur maður á gítar og spila í partyjum.

„Maður stýrir lítið ferðinni þegar kemur að lífinu“

Báðir segjast þeir alls ekki hafa búist við þessum vinsældum lagsins og ævintýrinu sem fylgdi í kjölfarið. „Þetta er bara svo fallegt dæmi“ segir Jónas „frábært dæmi um það hvað maður stýrir lítið ferðinni þegar kemur að lífinu. Maður er með einhverjar meiningar og ætlar að láta eitthvað gerast; svo gerist bara eitthvað allt annað og allt öðruvísi en maður hélt. Aðalatriðið held ég er að læra að slaka á og bara flæða með því sem gerist. Reyna samt auðvitað að vera sannur, heiðarlegur og sjálfum sér samkvæmur“. Unnsteinn tekur einlægur undir „ég held að við Jónas séum sammála um að langlífi og velgengni þessa lags sé einfaldlega vegna þess að það er algerlega satt og hreinskilið og endurspeglar nákvæmlega hvernig við upplifðum unglingsárin í menntaskóla. Við vorum ekki að reyna að semja lag þegar við sömdum þetta, það samdi sig nánast sjálft“.

„Þegar ég hlusta á *Rangur Maður* þá heyrir ég bara 100% heiðarlega unglinga-angist tjáða af miklu kæruleysi. Þetta er satt og heiðarlegt. Þetta er þínu eins og að hitta 18 ára útgáfuna af sjálfum sér óvænt í sjoppunni þegar maður var að fara að kaupa sér puls. Það er ekkert annað að gera en að taka sér fagnandi. Slátra besta kálfinum því týndi sonurinn er kominn heim. Þannig líður mér þegar ég heyrir Rangur maður“ segir Jónas.

Báðir á Hammondhátíð 2025, utan dagskrár og innan

Aðspurðir hvernig eigi að fagna 30 ára afmæli útgáfu lagsins *Rangur maður* segir Unnsteinn þá vinina stefna á að setja Sólstrandargæja rás í gang á netinu þar sem eitthvað af þessu efni getur lifað um ókomin ár. Meira vill hann ekki gefa uppi fyrr en nær dregur 30 ára afmælinu. Lagið segir Unnsteinn að hafi verið flutt á barnum á Djúpavogi töluvert áður en það var gefið út, örugglega í kringum 1992. Bóndavarðan heldur því fram að tími sé kominn til að það hljómi aftur í þeim húsum.



Jónas Sig kemur fram á laugardagskvöldi Hammondhátíðar með Ritvélum framtíðarinnar. Unnsteinn verður með viðburð á utandagskrá Hammondhátíðarinnar föstudaginn 25. apríl kl.15 í Faktor brugghús. Þar ætlar hann að kynna og tala um heimildarmyndina *The Longhouse* sem er heimildarmynd í fullri lengd sem hann og félagi hans, Paul Arion, eru langt komnir með. Myndin eru að mestu leyti tekin upp haustið 2022 í Færeyjum, Grænlandi og á Djúpavogi. Nafn myndarinnar *The Longhouse* snýr að sjálfsögðu að Löngubúðinni en markmið og lokapunktur myndarinnar er að koma saman tónlistarfólki í Löngubúð og taka upp efni fyrir hljómplötu.

Bóndavarðan þakkar Sólstrandargæjunum spjallið og traustið. Megi *Rangur maður* óma áfram á öldum ljósvakans, í gítarpartyjum og víðar um ókomna tíð.

Gleðilegt sumar!

Léttir nú á lýð því komin lóa er.

Brátt með söngnum brosið fer

að breiðast út um gjörvallt sker.

– Philip Vogler

GRAFIT

A large circular window in a concrete wall looking out onto a mountainous landscape. In the foreground, there are several black stools with white seats and a potted plant.

WWW.GRAFIT.IS

HAMMONDHÁTÍÐ DJÚPAVOGS

Síðastliðin tvö ár hefur Bóndavarðan birt samantekt frá Hammondhátíðum frá upphafi. Hammondhátíðar tölublað Bóndavörðunnar 2023 fór yfir árin 2006 - 2009 og Hammondblað ársins 2024 tók saman hátíðirnar 2010 - 2012. Þær samantektir voru unnar af Birni Hafþóri Guðmundssyni og Ólafi Björnssyni. Aftan við síðustu samantekt, um Hammondhátíð 2012, vantaði lokaorð Björns Hafþórs Guðmundssonar. Þau fá því hér að fylgja fyrir næstu samantekt.

Lokaorð 2012

Að loknum framangreindum tónleikum (úr síðasta Hammondblaði Bóndavörðunnar) flutti Hlíf B. Herbjörnsdóttir, einn af mættarstólpum hátíðarinnar öll árin, sem hún hefur verið haldin (2006 – 2012), listamönnunum þakkarorð og lagði út frá orðum Egils Ólafssonar um að ekki væri allt sjálfgefið í lífinu. Hún tilkynnti um handverkssýningu, sem eldri borgarar á Djúpavogi stæðu fyrir síðar í dag. Bað hún síðan höfuðpaur Hammondhátíðar Djúpavogs frá upphafi, Svavar Sigurðsson að koma upp og þiggja verðskuldað klapp frá viðstöddum. Þriðji helzti mættarstólpi hátíðarinnar frá upphafi hefur verið Þórir Stefánsson á Hótel Framtíð. Framlag þeirra þriggja verður seint fullpakkað. Aðrir með þeim í stjórn, ýmist allan tímann eða stóran hluta hans hafa verið Hrönn Jónsdóttir og Kristján Ingimarsson og gildir hið sama um þau. Ánnálsritari hefur verið viðloðandi stjórnunarstörf, en aðallega séð um myndatökur og verið nokkuð virkur í misgáfulegum skrifum um hátíðina, sem – sé alla vega hinu torskilda efni sleppt – hafa sögulegt gildi, ekki sízt myndirnar, sem hann og aðrir, einkum Andrés Skúlason hafa tekið.

Ljóst er að breytingar eru framundan hvað varðar stjórn og undirbúning Hammondhátíðar Djúpavogs. Öll framangreind hafa ákveðið að draga sig í hlé úr framvarðarsveitinni og eru fyrir því ýmsar ástæður, m.a. brottflutningur Svavars frá landinu. Hlíf og hennar maki eru að flytja á Stöðvarfjörð í haust og þeim og öðrum finnst rétt að hleypa nýju blóði í æðar þessa mikilvæga slagverks, en allir eru tilbúnir að aðstoða við atriði, sem kunna þarf skil á og þurfa að geta gengið upp svo vel sé til framtíðar litið. Megi þeim, er við taka, m.a. öðlast að tryggja viðvarandi trú þeirra sem úthluta styrkum til menningarmála til hátíðar af þessu tagi, að ekki sé talað um þá fjölmörgu, sem styrkt hafa hana undanfarin ár. Það er ekki sjálfgefið að reka svona hátíð í lengd og bráð „réttu megin við núllið og vel það“, en það hefur aldrei verið tap á henni þessi ár, þótt fyrsta árið þyrfti reyndar til að koma fjármagn í formi styrkjar frá nokkrum velunnurum hennar svo endar næðu saman. Þessi árangur hefur náðst m.a. á grundvelli eftirtalinna staðreynda:

a) Svavar Sigurðsson þekkir marga afburða tónlistarmenn eða hefur haft aðgang að þeim með vinskapi í gegnum Halldór Bragason (verið einn af Vinum Dóra). Ljóst er að menn hafa náð stórgóðum tónlistarmönnum hingað í gegnum þessi sambönd og nánast alltaf gegn mjög sanngjörnum greiðslum. Svo er komið að það er mörgum háklassa tónlistarmönnum keppikefli að „fá“ að spila á Hammondhátíð Djúpavogs. Svavar á því mikinn heiður af því að hrinda úr vör og laða að sér góða samstarfsmenn.

b) Eigendur Hótel Framtíðar hafa alla tíð styrkt hátíðina með gistingu og fæði fyrir alla listamennina, án nokkurrar greiðslu. Í því sambandi er vert að þakka þeim Þóri og Guðrúnu Önnu fyrir mikinn metnað og var ánnálsritari mjög stoltur af því að sjá hve vel var staðið að framreiðslu og öllum aðbúnaði nú, ekki síður en undanfarin ár.

c) Hátíðin var svo heppin að fá strax að fjármálunum Hlíf B. Herbjörnsdóttur, sem að öðrum ólöstuðum hefur haldið afburða vel á þeim þætti og nýtur mikillar virðingar hjá flytjendum og öðrum, sem að verkefninu hafa komið. Hefur allt staðið sem stafur á bók í þeim efnum og hátíðin þar með fengið það orðspor að ekki þurfi að bíða eftir greiðslum í óvissu. Þessi árangur hefur náðst á þann hátt að nánast öll vinna við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar hefur verið í sjálfböðavinnu. Förfýsi og sjálfböðavinna hefur því raun verið „master lykillinn“ að velgengninni.

d) Jón Ægir Ingimundarson, sem féll frá s.l. haust, og félagar hans í hljómsveitinni hér á staðnum hafa stutt hátíðina tryggilega, m.a. með því að lána hljóðfæri og spara þar með heil mikinn flutningskostnað. Auk þess annaðist Jón Ægir tæknistjórn fyrstu árin. Hans þáttar í verkefninu voru gerð ágæt skil í minningarorðum, sem flutt voru í upphafi hátíðarinnar nú.

e) Eftir því sem hátíðinni hefur vaxið fiskur um hrygg fjárhagslega hefur verið leitað dýrari og þar með flottari lausna til að tryggja sem bestan hljómfletning og lýsingu. Bæði nú og fyrr hafa verið þar sannir fagmenn á ferð og er þeirra bæði getið við umfjöllun um 1. kvöldið nú og eins í umfjöllun vegna einstakra ára á sérstakri heimasíðu hátíðarinnar.

f) Djúpavogshreppur studdi strax í upphafi vel við hátíðina og gerir enn. Þáttur Bryndísar Reynisdóttur og Ólafs Björnssonar er þó sýnu mestur í því sambandi.

g) Fyrirtæki á staðnum og reyndar víðar, hafa stutt hátíðina á ýmsan hátt, ýmist með því að veita umtalsverða afslætti eða með beinum fjárfraðlögum.

h) Og síðast, en ekki sízt hafið þið, sem þetta kunnið að lesa, alla vega mörg ykkar, að sjálfsgöðu lagt ykkar af mörkum með því að mæta og veita þannig hátíðinni sjálfri og flytjendum hverju sinni byr undir báða vængi.

En fyrir alla, sem þetta kunna að lesa og hafa metnað fyrir hönd hátíðarinnar, set ég hér í lokin brýningu frá vini mínum, Stefáni Bragasyni á Egilsstöðum, sem ég bað um að meitla í 4 línur það sem að ég held að við getum öll verið sammála um að sé samasemmerkið á milli byggðarlagsins og tónlistarhátíðarinnar. Djúpivogur hefur vissulega fósttað hana og nafn byggðarlagsins kemur að sama skapi oftar upp í huga fjölmargra góðra gesta okkar sem áhugaverður menningarastaður í tilverunni. Stefán, eins og margir aðrir, hefur tekið ástföstri við staðinn og verið tíður gestur á undanförunum hátíðum og mætti að sjálfsgöðu einnig á þá sjöundu. Hann orðar þetta svona:

Enn í hlustum ómurinn
er frá brimsins sögi.

Hammond orgelhljómurinn
hæfir Djúpavogi.

Megi orðspor Hammondhátíðar Djúpavogs halda áfram að aukast.
Björn Hafþór Guðmundsson

Bóndavarðan heldur áfram þessari vegferð og verður nú farið yfir Hammondhátíðir 2013, 2014 og 2015 í máli og myndum. Ólafur Björnsson tók saman og hefur hann bestu þakkir fyrir.

Hammondhátíð 2013

Tónskóli Djúpavogs
Karlakórinn Trausti
Jónas Sig og Ómar Guðjóns
Gaukshreiðrið (FÍH)
Dúndurfréttir
Nýdönsk
Magnús og Jóhann

Hammondhátíð 2013, sú 8. í röðinni fór fram dagana 25.-28. apríl. Þetta var fyrsta hátíð nýrrar stjórnar hátíðarinnar sem tók við árið 2012. Hana skipuðu Ólafur Björnsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Þórir Stefánsson, Gauti Jóhannesson og Kristján Ingimarsson. Í upphafi hátíðar var hjónunum Hlíf Herbjörnsdóttur, fráfarandi stjórnarmanneskju og Birni Hafþóri Guðmundssyni, sérlegs sagnaritara hátíðarinnar, veittur þakklætisvottur fyrir þeirra óeigingjarna starf í að koma hátíðinni á þann stað sem hún var komin á. Hammondhátíð 2013 sló öll aðsóknarmet og var svo að segja uppselt á alla viðburði.



Hammondhátíð 2014

Rockstone (tónskóli Djúpavogs)
VAX
Mono Town
Skonrokk
Todmobile
Raggi Bjarna

Níunda Hammondhátíð Djúpavogs fór fram 24.-27. apríl 2014. Standardinn sem settur var með hátíðinni 2013 hélt áfram og var aðsókn með allra besta móti. Eftirminnlegt er hve veðrið var frábært á þessari hátíð, allt að 20 stiga hiti föstudag og laugardag og rífandi stemmning um allan bæ.



Hammondhátíð 2015

Amabadama
Kiriya family
Prins Póló
Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
Bubbi og Dimma
Magnús Eiríks og Pálmi Gunnars

Hammondhátíð 2015, hátíð númer 10, var afmælishátíð og þar var öllu til tjaldað. Í fyrsta skipti seldist upp á hátíðina löngu áður en hún hófst en hún fór fram dagana 23.-26. apríl. Þar sem veðrið var svo gott árið áður ákvað það að setja smá strík í reikninginn á þessari hátíð og fresta varð sunnudagstónleikunum, en þeir voru haldnir 31. maí. Þegar mikið liggur við og að mörgu er að huga á stórri hátíð, vill eitt og annað gleymast. Við gerðum okkur lítið fyrir og gleymdum að gera ráð fyrir ljósmyndara. Það var vel af sér vikið. Sem betur fer var Andrés Skúlason með myndavélina sína á lofti eins og endranær og við gátum því leitað til hans með myndir þegar rykið var sest eftir hátíð.



FRÁ HEIMASTJÓRN DJÚPAVOGS

Kæru íbúar, í þessari grein höfum við tekið saman það helsta síðan síðasta Bóndavarða kom út og það sem framundan er.

Íbúafundur heimastjórnar þetta vorið verður fimmtudaginn 8. maí, kl. 17-19, á Hótel Framtíð. Vonum að sem flestir hafi tök á að mæta og taka virkan þátt. Sem fyrr eru kjörnir fulltrúar og starfsmenn Múlaþings sem geta svarað spurningum íbúa hvattir til að mæta.

Framtíð Gömlu kirkjunnar var óljós þar til Hollvinasamtök hennar voru endurvakin, ný stjórn kjörin og velunnarar kirkjunnar sameinuðust um að klára hana að innan og finna henni nýtt hlutverk þannig að hún nýtist sem flestum íbúum. Sú vinna hefur gengið vonum framar. Vinnuhelgar og seinnipartar skipulagðir þar sem fjöldi fólks hefur lagt sitt af mörkum til að allt gangi upp. Stefnan var að hafa metnaðarfulla dagskrá í kirkjunni á Hammondhátíð. Það náðist svo sannarlega eins og sést í utandagskrá Hammondhátíðar!

Í Faktorshúsinu hefur verið nokkuð lífleg starfsemi í vetur, reglulega hafa verið viðburðir íbúum til gagns og gamans. Nú standa yfir viðræður við leigutaka um uppfærslu á leigusamningi, en leigutaki hefur áhuga á að leigja allt húsið og hyggst í kjölfar nýs samnings útvíkka starfsemina.

Hvað flugvöllinn og sandana varðar þá er verið að leita lausna varðandi aðgengi að þessari útivistarparadís, bæði til lengri og skemmri tíma.

Kynningarfundur á nýja aðalskipulaginu var haldinn á Hótel Framtíð þann 10. apríl sl., en þá var búið að skila þessari grein inn. Á fundinum var farið yfir skipulagsdrögin og tekið við ábendingum og athugasemdum frá íbúum.

Áætlaðar skemmtiferðaskipakomur í sumar eru 58 og verður þetta fyrsta sumarið þar sem þak á fjölda farþega hefur að fullu tekið gildi. Einhver fækkun verður á skipakomum vegna gistináttagjalds sem lagðist á skemmtiferðaskip í byrjun árs. Fækkunin er þó minni en óttast var.

Samfélagsverkefni

Heimastjórn þakkar íbúum fyrir góðar hugmyndir, þá sérstaklega nemendum grunnskólans og að sjálfsögðu Þorablótsnefndinni sem lagði til 863 þúsund krónur sem er uppsafnaður hagnaður af þorablótum undanfarinna ára.

Heimastjórn fór vel yfir og kostnaðargreindi verkefnin og var niðurstaðan að veita tveggja milljóna króna samfélagsstyrknum, ásamt framlagi Þorablótsnefndar, í fjögur ólík verkefni.

Má þar fyrst nefna uppbyggingu í íþróttamiðstöðinni (infrarauður sánaklefi, hefðbundinn sánaklefi, kalt kar, skolesturta og geymslurekki) en í það verkefni verður einnig nýttur 200 þúsund króna styrkur frá Kvenfélaginu og 700 þúsund króna ágóði happdrættisins á Októberfest 2024. Þeim var einnig veitt í kaup á fjölbreyttum vatnsleiktækjum fyrir sundlaugina og rennibraut fyrir busllaugina. Fjórða verkefnið er umhverfisverkefni innanbæjar sem á eftir að útfæra nánar þegar þetta er skrifað.

Cittaslow ráð heimastjórnar

Cittaslow ráðið hefur haldið áfram sínu góða starfi. Ráðið stóð fyrir opnum fundi í lok janúar þar sem líflegar umræður sköpuðust. Þar var m.a. rætt um mikilvægi þess að setja alltaf upp Cittaslow gleraugun þegar málefni eru rædd og ákvarðanir teknar. Það eigi jafnt við um stjórnendur opinberra stofnana og einkaaðila á Djúpavogi, sveitarstjórn þegar kemur að málefnum gamla Djúpavogshrepps og síðast en ekki síst heimastjórnar. Einnig var rætt hversu mikið menn söknuðu “bæjarbragsins” af heimasíðu sveitarfélagsins og hvort ekki væri hægt að endurverkja myndasíðuna með svipuðu sniði á öðrum vettvangi, ásamt því að halda eldri myndum á lofti á sama stað.

Cittaslow ráðið hefur unnið hörðum höndum að því að setja upp, að venju, veglega utandagskrá Hammondhátíðar sem birtist nú einmitt í þessu blaði. Samhliða því hefur ráðið málað orgelnótur á göngustíginn meðfram Voginum sem verður formlega vígður sem Orgelstígur til heiðurs Hammondorgelinu á sumardaginn fyrsta.


Axarvegur

Þegar þetta er skrifað hefur Öxi verið opin nánast óslitið frá 14. febrúar, annars vegar vegna góðs tíðarfars og hins vegar vegna stefnubreytinga hjá sveitarfélaginu um þátttöku í kostnaði við snjóruðning. Eins og íbúar hafa tekið eftir hefur vetrarþjónustan á Axarvegi og heilsársvegurinn verið svo mikið áherslumál heimastjórnar að sumum þykir nóg um!

Beðið er eftir samgönguáætlun varðandi heilsársveginn, en reiknað er með að hún verði lögð fram á haustþingi og samþykkt fyrir lok árs. Eins og fram hefur komið er hönnun vegarins lokið og búið að bjóða út hönnun fjögurra brúa ásamt gerð kostnaðaráætlunar og verklýsinga fyrir útboðsgögn.



Rúnar, verkefnastjóri framkvæmdamála, hefur yfirumsjón með verkinu ásamt Ágústi húsasmiði



Innviðaframkvæmdir

Miklar innviðaframkvæmdir hafa verið í gangi undanfarin misseri og er staðan á þeim helstu eftirfarandi:

Kalt vatn: Vatnsveitan hefur ekki virkað eins vel og vonir stóðu til. Mannvirki inni á Búlundsdal eru orðin léleg og kom tvívegis upp sú staða í vetur að vandræði urðu vegna þess. Í fyrra skiptið varð vatnslaust á Djúpavogi og í seinna skiptið komust óhreinindi í vatnið sem varð þess valdandi að það var gruggugt í nokkra daga. Sem betur fer mældist engin gerlamengun, en auðvitað viljum við hafa það hreint.

Ef vatnsbólín við Búlundsá hefðu verið komin í notkun hefði þetta ekki gerst. Þau voru það ekki, því vegna mistaka var dælubúnaður sem dæla átti vatni út á Djúpavog ekki nógu öflugur og þurfti því að panta nýjan búnað sem er væntanlegur á næstu vikum.

Heitt vatn: Eftir að tilraunir til að bora eftir heitu vatni báru ekki árangur var ákveðið að kortleggja svæðið betur þar sem mestar líkur eru á því að finna vatn inni á Hálsströnd. Tvær nýjar mælingarholur voru boraðar og tilraun gerð til að dýpka eina eldri holu. ÍSOR mældi allt svæðið á síðasta ári og nú nýverið voru bæði nýju og tvær eldri holurnar mældar. Niðurstöðum úr mælingunum er að vænta fljótlega. Vonandi tekst að kortleggja heita vatnið betur og ná í nóg af því handa okkur í kjölfarið.

Fráveita: Undirbúningur að áfanga 2 í fráveitu í þéttbýlinu er í gangi og er unninn samhliða af HEF og umhverfis- og framkvæmdasviði. Gert er ráð fyrir því að taka Steina næst og tengja við útrásina og leggja þar með af rotþró sem er orðin léleg.

Ljósleiðari: Samið var við Austurljós um tengingu ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi og áttu framkvæmdir að hefjast í lok árs, en þeim var frestað fram á vor vegna óhagstæðra veðurskilyrða. Fjarskiptasjóður styrkir verkefnið sem er í fjórum áföngum.

Prífösun: Lagningu þriggja fasa rafmagns og ljósleiðara samhliða því á þá bæi í Berufirði sem eftir eru, er í undirbúningi. Búið er að skipuleggja lagnaleið og reiknað með að bjóða verkið út um miðjan maí og að framkvæmdir hefjist í júní.

Aðrar framkvæmdir

Búið er að klæða grunnskólann að utan og vinna við þak er hafin. Gert er ráð fyrir því að í sumar verði klárað að skipta um þak og ganga frá þakköntum.

Undirbúningur er hafinn við viðbygginguna við leikskólann. Reiknað er með því að verkið verði boðið út í haust og vinna hefjist strax í kjölfarið.

Gert er ráð fyrir að lýsing á Víkurlandi, milli Bræðslu og Hvarfs, komi fljótlega og að lokafrágangur við Eggin í Gleðivík klárast á næstu vikum.

Úrbæturnar á slökkvistöðinni eru í fullum gangi. Búið er að lækka gólf þannig að slökkvibíllinn hafi nóg rými, verið að endurinnrétta búningaaðstöðu og endurnýja lagnir og kyndikerfi í húsinu.

Endurbætur á líkamsræktaraðstöðunni í íþróttamiðstöðinni hafa verið í gangi og hefur verkið að mestu verið unnið af starfsmönnum sjálfum. Rýmið hefur verið stækkað og drög lögð að því að endurnýja tækjakost, en ekki er ljóst hvenær verði hægt að fjárfesta í nýjum tækjum.

Við höfnina er vinna hafin við nýtt aðstöðuhús við trébryggju sem á að vera lokið fyrir miðjan maí. Við fiskibryggju er einungis eftir lokafrágangur á rafmagni og tiltekt á svæðinu þegar framkvæmdum er lokið. Gert er ráð fyrir því að malbika svæðið við smábátahöfnina og vestan við fiskmarkaðinn í sumar.

Fundargerðir og yfirlitið yfir verkefni

Eins og áður hvetur heimastjórn íbúa til að renna yfir fundargerðirnar sem við deilum inn á íbúahóp heimastjórnar á Facebook eftir hvern fund, því þær innihalda upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem snerta íbúa og í lok þeirra er upplýst um stöðu helstu verkefna.

Yfirlitið yfir málin sem hafa komið á borð heimastjórnar á þessu kjörtímabili, stöðu þeirra og feril sem nýlega var uppfært í heild sinni, er enn tryggilega fest efst í Facebook hópi heimastjórnar.

Gleðilegt sumar!

Heimastjórn Djúpavogs

VORKVEÐJA FRÁ DJÚPAVOGSSKÓLA

Í Djúpavogsskóla hafa bæði nemendur og starfsfólk unnið frábært starf á þessum skólavetri og vinna saman að góðu og vaxandi skólasamfélagi. Það sem einkennir Djúpavogsskóla fyrst og fremst er frábær mannauður og hæfileikar hjá nemendum, foreldrum, öfum og ömmum og starfsfólki. Það eru spennandi tímar í skólamálinum á okkar samtíma, mikil þróun og vöxtur í gangi og í Djúpavogsskóla tökum við þátt í því skemmtilega starfi með ýmsum hætti.

Í vetur eru hjá okkur tæplega 80 nemendur, og er von á fleiri nemendum á þessu ári, og hefur verið nánast fullmannað í stöður í vetur.

Á þessum skólavetri eru mörg náms- og kennsluþróunarverkefni á döfinni. Verið er að innleiða ný markmið í aðalnámsskrá, nokkrir kennarar eru í námi, áhersla er lögð á þróun í eflandi kennsluháttum og fjölbreytts námsefni og má þar sem dæmi nefna gervigreindina sem er t.d. gott tæki til einföldunar og tímasparnaðar, m.a. á sviði aukinnar endurgjafar og einstaklingsmiðunar í námi. Aukið útinám hefur fengið sérstaka áherslu á þessum skólavetri og einnig hefur verið lögð áhersla á að nýta góðviðrisdaga til að læra úti. SÆG verkefnið, sem er samstarfsverkefni Múlapings, Reykjavíkurborgar, Menntavísindasviðs HÍ og HA og Háskólans í Osló, er dæmi um gott verkefni til að efla kennsluhætti, en þar nota kennarar upptöku og samtal við aðra kollega og sérfræðinga, til uppbyggilegrar rýni og þróunar. Aukin áhersla er á stærðfræði og lestur, m.a. með því að kynna sér verkefni sem fjalla um sögu stærðfræðinnar. Fyrirlagnir á nýju og endurbættu stöðu- og frammistöðumati með áherslu á stærðfræði og lesskilning hafa verið lagðar fyrir nemendur í 4. – 10. bekk núna í apríl og sem styðja einnig sérstaklega vel við leiðsagnarnámið góða. Áfram er unnið að fleiri opinberum stefnum skólans eins og Uppeldi til ábyrgðar, Heilsueflandi skóla, byrjendalæsi og teymiskennslu auk mikilvægs samstarfs við Vöndu Sigurgeirs og KVAN, svo eitthvað sé nefnt. Á döfinni er að hefja innleiðingu á grænfánum sem helst þétt í hendur við Heilsueflandi skóla. Í vetur höfum við tekið á móti nemendum með morguntónlist á morgnanna og við höfum áskrift nemenda að lífrænum ávöxtum- og grænmeti í haust, sem má segja að hafi slegið í gegn. Einnig hófst í apríl, sem prufuverkefni, að bjóða nemendum upp á hafragraut á morgnanna í nýju heimilisfræðistofunni, sem tekin var í gagnið í haust.

Í vetur hefur verið lögð áhersla á samstarf við nærsamfélagið, t.d. í árlegum starfskynningum, við leikskólann, í samstarfi við Ars Longa, þjónustuaðila á svæðinu, t.d. lögregluna og hefur einnig verið stofnað til frábærs samstarfs við Skógræktarfélag Djúpavogs, sem hefur nú þegar úthlutað Djúpavogsskóla sérstöku skólasvæði, sem nemendur, starfsfólk og vonandi foreldrar munu sameiginlega byggja upp í framtíðinni. Lagður hefur verið grunnur að góðu samstarfi Djúpavogsskóla við Ferðafélag Djúpavogs fyrir næsta skólavetur. Við höfum aukið fjölbreytni í vali á unglingastigi og á vorönn höfum við boðið upp á val fyrir nemendur í 7. bekk í fyrsta sinn.

Við höfum lagt töluverðan metnað í viðhald og endurnýjun aðstöðu í skólanum. Til að mynda höfum við endurnýjað heyrnartól fyrir nemendur, hátalara í stofur, hluta af tölvum starfsfólks, nýja skólabjöllu, verkfæri fyrir listkennslu, við erum að bíða eftir nýjum skólaborðum og stólum fyrir yngstu nemendurnar auk þess sem elsta tölva skólans, ritaratölvan var endurnýjuð. Við fengum nýjan drykkjarfont á skólaganginn til að tryggja gott aðgengi allra nemenda að góðu drykkjarvatni, höfum sinnt viðhaldi á gólf og nú þegar hefur verið hafið viðhald á þaki auk þess sem stefnt er að endurnýjun gömlu lagnanna nú í sumar.

Barnamenning og nemendalýðræði er virkur þáttur í starfi Djúpavogsskóla. Þar má byrja á að nefna frábært starf nemendaráðsins í umsjón Lilju Daggar og leiðtoga ráðs í umsjón W. Óðins og Þórdísar skólastjóra. Fulltrúar nemenda þessara ráða hafa unnið að málefnum nemenda, að efla jákvæða leiðtogamennsku og skólasamfélag og aðstoða við skemmtileg uppbrotsverkefni í skólastarfi. Fjöldi viðburða, bæði í og utan skóla hafa verið í boði í vetur, m.a. í samstarfi við Ars Longa og frábærir viðburðir BRAS – Barnamenningarhátíðar Austurlands. Nýafstaðin er lokakeppni Stóru Upplestrarkeppninnar, sem haldin var á Djúpavogi í ár, en þar stóðu allir nemendur sig frábærlega vel auk þess sem Elías Galdur náði þriðja sæti. Til hamingju nemendur 7. bekkjar.

Árshátíð Djúpavogsskóla 2025

Árshátíð Djúpavogsskóla var haldin með pomp og prakt, fimmtudaginn 20. febrúar 2025. Fyrir valinu varð sagan úr sagnasafni Þúsund og einnar nóttar, Aladdín og töfralampinn, þar sem nemendur fóru á kostum. Sem endranær voru það nemendur 10. bekkjar sem völdu þema árshátíðarinnar og lögðu grunninn að útfærslu, að öll stig ynnu að sömu sögunni. Leikritið um Aladdín hefur ekki verið sett upp áður hjá stærri leikhúsum á Íslandi, en til er ein breytt útgáfa að handriti. Því tókum við á það ráð að nýta gervigreindina til að gera handritsgrunn; að gera útdrátt að helstu atriðum sögunnar, skipta sögunni í kafla, tiltaka helstu hlutverk og sönglög sögunnar og búa þannig til fyrstu drög að handriti. Sameiginlega fylltum við svo inn í handritið út frá þekktu teiknimyndinni um Aladdín og töfralampann og aðlöguðum þar sem á þurfti að halda. Það var lagt til grundvallar í undirbúningi árshátíðarvinnunnar að vinna saman að sköpun sögunnar, að nemendur sem vildu tækju þátt í að breyta og bæta handritið og æfingar eins og best þótti. Allir unnu saman að undirbúningi og einnig fengu nemendur frábæra sviðsleiðsögn frá reynsluboltanum Heklu Pálmadóttur. Unnið var að búningum og sviðsmynd í umsjón Hildar Bjarkar, Mariönnu og Ewelínu sem fóru á kostum og sköpuðu dásamlega töfraveröld ævintýraborgarinnar Agrabah. Helga Björk og valhópur í förðun höfðu umsjón með leikförðun. Nemendur sömdu dansa í umsjón Ingibjargar Báru. Lilja og Jóhanna höfðu umsjón með leikskrá og auglýsingum og sem fyrr hafði William Óðinn umsjón með ljósa- og hljóðmeisturum sýningarinnar.



Tekið var á móti frjálsum framlögum og þökkum við öllum kærlega fyrir.

Við þökkum nemendum og starfsfólki fyrir frábæra sýningu og þökkum ykkur öllum kærlega fyrir komuna um leið og við sendum hlýjar vorkveðjur til allra Hammond-gesta 2025.

Þórdís skólastjóri.

Bifreiðaviðgerðir Hjólbarðapjónusta Smurpjónusta Hópfærðir

BÍLHERJI

Skallanaust ehf.
S: 6613913

Útvegum allar gerðir varahluta

Alternatorar
Bremsuklossar
Bremsudiskar
Demparar
Hjólalegur
Hjöruliðir

Perur
Pústkerfi
Spindilkúlur
Stýrisendar

Boltar
Rær
Skrúfur
Kítti
Olíuvörur
Verkfæri

SUNNUDAGUR Á HAMMOND - PÁLL ÓSKAR

Fá eru þau mannsbörnin sem ekki þekkja til Páls Óskars. Hann hefur verið ein skærasta poppstjarna Íslands frá því að platan *Stuð* kom út árið 1993. Eftir hann liggja ótal sólóplötur og mýmargir slagarar. Páll Óskar er einn af fáum íslenskum tónlistarmönnum sem er jafnvígur á stuðtónlist og ballöður. Enda er leitun að öðrum tónlistarmanni sem höfðar til jafn breiðs hóps hlustenda. Páll Óskar hefur unnið með fjölbreyttum hópi tónlistarfólks, má þar nefna samstarf hans við Milljónamæringana sem afar eftirminnlegt sem og áralangt samstarf við hörpuleikarann Moniku Abendroth.

Bóndavarðan náði tali af Páli Óskar og forvitnaðist m.a. hvað gestir Hammondhátíðar gætu átt von á. Óhætt er að fullyrða að lagavalið verður fjölbreytt.

Páll Óskar kemur fram ásamt Tomma Jóns og Ómari Guðjóns á loka-tónleikum Hammondhátíðar 2025 í Djúpavogskirkju 27.apríl kl.14:00.

Nafn tónlistarmanns: Páll Óskar

Hvað er að fréttu?

Mér tókst að kjálkabrjóta mig 26. janúar síðastliðinn. Það leið yfir mig og ég lenti á andlitinu, braut 7 jaxla, auk þess sem nokkrar fyllingar og krónur duttu út. Aftur á móti gekk aðgerðin alveg gríðarlega vel og ég er að sýna batamerki á hverjum degi. Sem betur fer er ég glaður gaur í grunninn. Kjarninn í mér er alltaf glaður. Það eitt hefur hreinlega skipt sköpum í bataferlinu. Akkurat núna er ég í tannréttingum með teygjur í munnum, svo ég lít út eins og gelgja. En um leið og ég tek út úr mér teygjurnar þá get ég sungið alveg eins og engill. Ég er mest hissa sjálfur. Þið getið bara heyrt hvernig ég hljóma á Hammondhátíðinni.

Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Ég er að vinna að alveg dásamlegri plötu með Benna Hemm Hemm. Við gerðum lag fyrir Hljómskálann á RÚV þar sem Kiddi Hjálmur stakk upp á því að við Benni myndum vinna saman. Við höfðum aldrei hist áður. Það flaug allt í gang og nú stefnir allt í 12 laga plötu frá okkur. Það má vel vera að ég stelist til að flytja einhver ný lög af þessari óútkomnu plötu á Hammondhátíðinni.

Hefur þú komið á Djúpavog áður?

Ég hef oft ferðast um Austfirði með erlenda vini mína og komið þar við í leiðinni. Núna mun ég syngja þar í fyrsta sinn.

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Það fer eftir því hvernig þú vilt líta á það. Ég byrjaði að syngja inn á barnaplötur þegar ég var 10 ára árið 1980. Svo fór ég í mútur árið 1984 og hélt að þetta væri bara búið. Lætin byrjuðu svo fyrir alvöru árið 1990 með Rocky Horror uppfærslu leikfélags MH, mörg dragshow fylgdu í kjölfarið, líka plötuupptökur, en fyrsta sólóplatan *Stuð* kom út rétt fyrir jólin 1993. Ég get sagt með góðri samvisku að ég sé búinn að vera atvinnu poppari síðan 1993. Rúmlega 30 ár.

Hvaða plötu og/eða lögum mælir þú með fyrir hátíðargestir að hlusta á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Ef þú rúllar í gegnum safnplötuna mína Silfursafnið, þá ertu búinn að hita þig ágætlega upp fyrir þetta gigg.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2025 eiga von á frá þér?

Vonandi einhverju sem þeir áttu ekki von á frá mér.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist?

Hljóðfærið mitt er söngroddin. Ég var svo latur að læra á píanó sem barn að ég hætti námi. Ég hef alltaf sungið alla parta sem mér dettur í hug, allt frá bassalínunum upp í strengjautsetningar. Ég bulla þetta bara. Yti á REC og byrja að bulla. Svo tíni ég út feitustu kirsuberin úr bullinu sem ég gerði, raða því saman og hætti ekki fyrr en ég er kominn með feitt viðlag sem þjónar versunum. Ég er löngu búinn að læra að sumt bull er gull. Laglínurnar verða samt að koma fyrst, áður en ég byrja að vinna texta. Þar tekur sama sagan við. Ég er stöðugt syngjandi textana á meðan ég er að skrifa þá, til að tékka á því hvernig þeir virka í stóra samhenginu.

Hvað er framundan hjá þér?

Klára plötuna með Benna Hemm Hemm.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það er sviðslistar parturinn af þessu öllu. Lifandi flutningur á sviði er besta tilfinning í heimi, aldrei eins, alltaf áskorun, alltaf óvænt, alltaf nýtt.



HRÓSIÐ

Í síðasta tölublaði var fasti liðurinn Hrósið á sínum stað að vanda. Þá var dálítill inngangur um gildi hróss og mikilvægi sem varð til þess að einn dyggasti lesandi Bóndavörðunnar og skáld byggði á honum vísu.

**Ei skal hika hrós að veita,
heilinn eigin gleðst
fyrir utan, ei skal neita:
O'ná vinskap hleðst.**

Philip Vogler



Erla Ingimundardóttir

Mitt hrós fær Bergþóra Birgisdóttir fyrir það frábæra starf sem hún hefur unnið að í Löngubúð. Bæði við veitingar, þjónustu og snyrtimennsku og ekki síst vinalaga og kurteisa framkomu starfsfólks.

Ég skora á Drífu Ragnarsdóttur að hrósa í næsta blaði Bóndavörðunnar.



Axel Kristjánsson

Hrós mitt fær Svandís Kristinsdóttir á N1 fyrir að vera góður starfsmaður og redda fljótt því sem ekki er til.

Ég skora næst á Jónínu Guðmundsdóttur.



Ragnheiður Margrét Eiðsdóttir

Ég vil hrósa starfsfólki Íþróttamiðstöðvar Djúpavogs fyrir góða þjónustulund, gott viðmót og það óeigingjarna starf sem það innir þar af hendi.

Ég skora á Karólínu Sigurðardóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði.



Kristín Friðriksdóttir


Ég vil hrósa honum Binna, Brynjólf Reynissyni, fyrir að vera alltaf til staðar, reiðubúinn að hjálpa. Það er alveg sama hvað það er þá er hann mættur til að rétta hjálparhönd.

Ég skora á Guðnýju Björgu að gefa sitt hrós í næstu Bóndavörðu

**FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ZION VERÐUR MEÐ
KÖKUBASAR Í KJÖRBÚÐINN FÖSTUDAGINN 25.
APRÍL TIL STYRKJAR ÁRLEGRI FERÐ TIL REYKJAVÍKUR
Á SAMFÉS-BALLIÐ OG SÖNGKEPPNINA. HÁTÍÐIN FER
FRAM HELGINA 3.- 4. MAÍ. ENDILEGA KÍKIÐ Í
BÚÐINA OG NÆLIÐ YKKUR Í ÚRVALS BAKKELSI FRÁ
UNGLINGUNUM OKKAR. FÁIÐ SÓLSKIN Í HJARTA OG
GOTT Í MAGA.**

12:30-15:00

Kjörbúðin á Djúpavogi



+ HAMMOND OPNUN

Í RAUÐA KROSS BÚÐINN GÓÐU!

FÖSTUDAGINN 25. APRÍL

LAUGARDAGINN 26. APRÍL

KL: 14-16 BÁÐA DAGANA!



Verðskrá

Yfirhafnir	1500kr
Fullorðinsföt	1000kr
Barnaföt	500kr
Ungbarnaföt	300kr
Skór	500kr
Töskur	300kr
Vettlingar/húfur	300kr

Takk fyrir að stykja gott málafni!



**Rauði Kross
Íslands**

VOXEY FERÐIR – NÝTT FERÐAÞJÓNUSTU-FYRIRTÆKI Á DJÚPAVOGI

Glænýtt fyrirtæki hefur litið dagsins ljós á Djúpavogi og bætist við flóru ferðaþjónustunnar á Djúpavogi. Fyrirtækið heitir Voxey ferðir og er í eigu Djúpavogsparsins Ólafar Rúnar Stefánsdóttur og Jóns Einarssonar. Bóndavarðan náði tali af parinu og forvitnaðist um ferlið og framtíðina.

Útsýnisferðir

Hlutverk Voxey ferða verður að bjóða fólki einstaka upplifun á sjó – í náinni tengingu við náttúruna, menningu og sögur svæðisins. Í sumar bjóða þau upp á útsýnisferðir með RIB-bát í kringum Djúpavog. „Ferðirnar sameina náttúruupplifun, fræðslu og þjóðsögur, þar sem áhersla er lögð á að kynna umhverfið og mikilvægi þess að lifa í sátt við náttúruna“ segja þau glöð í bragði.

Sérstök kynningarhelgi um Hammondhelgina

Formlegar ferðir Voxey ferða hefjast 1. maí, en þau verða með sérstaka kynningarhelgi um Hammondhelgina þar sem heimamenn og gestir fá að kynna þjónustunni betur.

En útsýnisferðirnar á sjó koma svo til með að vera í boði frá 1. maí til 30. september



**VOXEY
TRIPS**
EXPLORE WITH US



Láta drauminn verða að veruleika

Ólöf og Jón Einar segja hugmyndina hafa verið lengi í bígerð og hefur verið í mörgum kvöldsamræðum í sófanum. „Við höfum lengi haft draum um að stofna svona fyrirtæki, og í desember síðastliðnum gafst okkur tækifæri til að kaupa bát“ þá ákváðu þau að stökkva í djúpu lauginu og láta drauminn verða að veruleika.

Að mörgu að huga í svona verkefni

Aðspurð um erfiðleikastigið að fara út í svona verkefni segja þau að verkefnin séu svo sannarlega mörg og á sama tíma. Allt frá öryggismálum og leyfum yfir í markaðssetningu og innviði. „Til dæmis erum við að undirbúa sérstakan bíl sem geymir allan búnað sem þarf fyrir ferðirnar, auk þess sem við erum að skipuleggja og kortleggja ferðirnar sjálfar. Að stofna og hefja rekstur er stórt verkefni, en ótrúlega gefandi og skemmtilegt“.

Voxey ferðir munu bjóða upp á pantaðar ferðir og fasta ferðatíma. Lágmarksfjöldi þátttakenda þarf að nást svo ferðin verði farin, en „við leggjum mikla áherslu á sveigjanleika og aðlögun að þörfum gesta hverju sinni“. Lágmarksaldur er 12 ára í ferðirnar, er það vegna öryggisbúnaðarins.

Helstu markhópar fyrirtækisins verða ferðamenn sem koma akandi og gestir skemmtiferðaskipa. „Við stefnum einnig á að bjóða ferðir fyrir aðra hópa eins og skóla og fyrirtæki“.

Sagan á bakvið nafnið

Nafnið Voxey er samsett úr Vox sem hljómar eins og Vogs og ey, sem vísar til eyjanna í kring um Djúpavog eins t.d. Papey, Úlfsey, Hvaley og Hrómundarey. „Við vildum alþjóðlegt og auðvelt nafn í framburði, en á sama tíma tengt staðnum okkar – Djúpavogi og svæðinu í kring. Við vildum hafa ey í nafninu því okkur finnst það tengjast mikið sögu Íslands og svæðinu í kringum Djúpavog og bættum við ferðir til að skýra betur hvað við gerum“.

Hlakka til að bjóða gestum og heimamönnum að upplifa Djúpavog á einstakan hátt. Jón Einar og Ólöf vilja þakka hlýjar móttökur og hvatningu sem þau hafa hlotið. Þau hlakka til að njóta sumarsins með Djúpavogsbúum og gestum, skapa eitthvað skemmtilegt og bjóða fólki að upplifa Djúpavog á einstakan hátt.

Hægt er að bóka ferðir og nálgast frekari upplýsingar á heimasíðunni www.voxeytrips.com eða með því að senda parinu póst á voxeytrips@gmail.com.

UTANDAGSKRÁ HAMMONDHÁTÍÐAR

24.-27. apríl 2025

MIÐVIKUDAGUR

- 15:00 Vöfflukaffi Tryggvabúð
 17:00 Uppskerufögnuður í Gömlu kirkjunni
 20:30 - 00:00 Faktor Brugghús. Tónlistarbingó

FIMMTUDAGUR - sumardagurinn fyrsti

- 09:00 - 11:00 Gamla kirkjan - morgunkaffi
 11:00 - 13:00 Brennómót Djúpavogsdeildarinnar
 11:00 - 16:00 Bakkabúð opin
 12:00 - 15:00 Kósý á Teigarhorni
 12:00 - 16:00 Hæglætismarkaður í Gömlu kirkjunni
 16:00 Skróðganga. Blöðrur, andlitsmálning & stuð frá kl. 15:00 í Gömlu kirkjunni. Gengið frá Gömlu kirkjunni að orgelstígnum sem verður vígður formlega
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

FÖSTUDAGUR

- 09:00 - 11:00 Gamla kirkjan - morgunkaffi
 10:00 Hammondþrek í íþróttahúsinu
 10:00 - 14:00 Langabúð opin. Réttur dagsins í hádeginu
 11:00 - 16:00 Bakkabúð opin
 12:30 - 15:00 Zion með kökubasar í Kjörbúðinni
 13:00 - 15:00 Hæglætismarkaður í Gömlu kirkjunni
 14:00 - 16:00 Rauðakrossbúðin opin
 15:00 Faktor Brugghús. Unnsteinn sýnir brot út heimildamynd sinni *The Longhouse*
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

LAUGARDAGUR

- 09:00 - 11:00 Gamla kirkjan - morgunkaffi
 10:00 Hammond skotmót á skotsvæðinu við Hamarssel. Skotið á 100 og 200 M. Skráning hjá Eiði Gísla. 1000 kr. þátttökugjald.
 11:30 Refurinn skotmót á skotsvæðinu við Hamarssel. Skotið á 0-500 M. Skráning hjá Eiði Gísla. 1000 kr. þátttökugjald.
 11:00 - 14:00 Hæglætismarkaður í Gömlu kirkjunni
 11:00 Timburmannaganga Ferðafélags Djúpavogs. Brottför frá Geysi
 11:00 - 13:00 Langabúð Bröns. Kaffihúsið opið til kl. 16.
 14:00 Sjósund með leiðsögn. Mæting í fjöruna fyrir neðan réttirnar í Rauðu skriðu
 14:00 - 16:00 Rauðakrossbúðin opin
 15:00 - 16:00 Jurtamandölugerð fyrir fjölskylduna í Gömlu kirkjunni
 16:00 - 17:00 Gong slökun í Gömlu kirkjunni
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

ALLA HAMMOND HELGINA

Bátaferðir Voxey Trips

Hafið bistro. Opið frá 10:00 - 21:00. HappyHammond frá kl. 16:00 - 20:00. Sérstakur Hammond Pízzaseðill

Faktor brugghús. Opið frá 14:00 - 21:00 og frá miðnætti til 03.00 fimmtudag, föstudag & laugardag.

Hótel Framtíð. Hammond matseðill alla daga, pizza tilboð alla daga, sjá: www.hotelframtid.is

Pop-up plötubúð í Faktor Brugghús

Uppboð & listasýning í Gömlu kirkjunni

Matarvagninn. Opinn alla daga 11-01:00.

Gamla kirkjan. Morgunkaffi 09:00-11:00

Íþróttamiðstöð Djúpavogs. Opin fimmtudag 11:00-15:00

Föstudag 7:00-20:30 / Laugardag 11:00-15:00 /

Sunnudag lokað

Nánari upplýsingar á: www.mulathing.is

Utandagsskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Uppfærðasta og nýjasta útgáfan verður alltaf aðgengileg á vefsíðu utandagskrár Hammondhátíðar sem finna má með því að nota eftirfarandi QR kóðann hér fyrir neðan

